

Skýrsla

stjórnar og nefnda

læknaráðs

Starfsárið 2012 - 2013



Skýrsla stjórnar og nefnda læknaráðs

Starfsárið 2012 - 2013



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Mái 2013

Efnisyfirlit

Stjórn læknaáðs	3
Almennir fundir læknaáðs	4
Skýrsla formanns læknaáðs starfsárið 2012-2013	5
Skýrslur nefnda læknaáðs starfsárið 2012-2013	13
Ársskýrsla fræðslunefndar	13
Ársskýrsla stöðunefndar	14
Ársskýrsla valnefndar	14
Ársskýrslur frá nefndum skipaðar af framkvæmdastjórn með fulltrúa læknaáðs LSH	15
Lyfjanefnd LSH	15
Siðanefnd LSH	16
Siðfræðinefnd LSH	17
Vísindaráð LSH	18
Ársskýrsla Eftirlitsnefndar með rafrænni sjúkraskrá	20
Fylgiskjöl	21
Fylgiskjal nr. 1 Starfsreglur fyrir læknaáð LSH	21
Fylgiskjal nr. 2 Starfs- og gjafasjóður læknaáðs LSH	24
Fylgiskjal nr. 3 Erindisbréf valnefndar læknaáðs	28
Fylgiskjal nr. 4 Erindisbréf fræðslunefndar læknaáðs	30
Fylgiskjal nr. 5 Erindisbréf stöðunefndar læknaáðs	31
Fylgiskjal nr. 6 Bréf til framkvæmdastjóra lækninga LSH vegna netkönnunar um rafrænt sjúkrakerfi 7. júní 2012	33
Fylgiskjal nr. 7 Bréf framkvæmdastjóra lækninga LSH til formanns læknaáðs vegna netkönnunar um rafrænt sjúkrakerfi 13. júní 2012	34
Fylgiskjal nr. 8 Niðurstöður könnunar um rafrænt sjúkrakerfi	35
Fylgiskjal nr. 9 Umsögn læknaáðs Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum lækningatæki nr. 16/2001	39
Fylgiskjal nr. 10 Ályktanir aðalfundar læknaáðs 18. maí 2012	41
Fylgiskjal nr. 11 Ályktun læknaáðs 21. september 2012	42
Fylgiskjal nr. 12 Ályktanir læknaáðs 20. nóvember 2012	43
Fylgiskjal nr. 13 Ályktun læknaáðs 19. febrúar 2013	44
Fylgiskjal nr. 14 „Neyðaróp til stjórnvalda“, Morgunblaðið 20. febrúar 2013	45
Fylgiskjal nr. 15 Auglýsing Læknafélags Reykjavíkur, Læknafélags Íslands og Læknaáðs Landspítala í aðdraganda Alþingiskosninga 2013	46
Fylgiskjal nr. 16 Aðalfundur læknaáðs 18. maí 2012	47
Fylgiskjal nr. 17 Almennur læknaáðsfundur 23. nóvember 2012	49
Fylgiskjal nr. 18 Almennur læknaáðsfundur 15. febrúar 2013	51
Fylgiskjal nr. 19 Almennur læknaáðsfundur 5. apríl 2013	53
Fylgiskjal nr. 20 Fræðslufundir læknaáðs starfsárið 2012 - 2013	54



Stjórn lækna ráðs:

Anna Gunnarsdóttir barnaskurðlæknir, formaður
 Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir, varaformaður

Meðstjórnendur:

	Aðalmaður	Varamaður
Fulltrúi lækna geðsviðs	Birna G. Þórðardóttir geðlæknir	Nanna Briem geðlæknir
Fulltrúi lækna kvenna- og barnasviðs	Sveinn Kjartansson barnalæknir	Ebba M. Magnúsdóttir kvensjúkdóma- og fæðingalæknir
Fulltrúi lækna lyflækningasviðs	Dóra Lúðvíksdóttir lungnalæknir	Hrefna Guðmundsdóttir nýrnalæknir
Fulltrúi lækna rannsóknasviðs	Guðrún Svanborg Hauksdóttir sýklafræðingur	Maríanna Garðarsdóttir röntgenlæknir
Fulltrúi lækna skurðlækningasviðs	Guðmundur Danfélsson skurðlæknir	Einar Örn Einarsson svæfinga- og gjörgæslulæknir
Fulltrúi lækna slysa- og bráðasviðs	Friðrik Yngvason lungnalæknir	
Fulltrúi deildarlækna	Jónína Ingólfssdóttir læknir (frá 26. september 2012)	Már Egilsson læknir (frá 26. september 2012)

Skrifstofustjóri lækna ráðs:

Örn Þ. Þorvarðarson stjórn málafræðingur og M.Sc. í stjórnun heilbrigðisþjónustu

Almennir fundir lækna ráðs

Aðalfundur lækna ráðs var haldinn 18 maí 2012. Frá 19. maí 2012 til 17. maí 2013 hafa verið haldnir þrjú almennir fundir lækna ráðs. Fundargerðir þessara funda birtast síðar í þessari skýrslu.

Sjá fylgiskjöl nr. 17 - 19.

- 23. nóvember 2012:** Efni: Starfsumhverfiskönnun Landspítala 2012 – staða lækna
- Frummælendur:**
- Hörður Þorgilsson, sálfræðingur, mannauðssviði Landspítala
 - Kristinn Tómasson, dr. med., yfirlæknir Vinnueftirlitsins
- 15. febrúar 2013:** Efni: Staðan á Landspítalanum
- Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs LSH
 - Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir, öldrunarlækningadeild
 - Sigurður Guðmundsson, sérfræðilæknir, smitsjúkdómadeild
 - Ómar Sigurvin Gunnarsson, læknir, formaður FAL
- 5. apríl 2013:** Efni: Vöruhús klínískra gagna á LSH (clinical data warehouse)
- Notkun í klínískri stjórnun, rannsóknum og gæðaþróun
María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs LSH, klínískur lektor HÍ
 - Notkun í klínísku starfi og áætlanagerð, sögur úr Blóðbankanum
Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans

Skýrsla formanns læknaáráðs starfsárið 2012 - 2013

1. Stjórn læknaáráðs Landspítala

Stjórn læknaáráðs Landspítala hefur haldist í stórum dráttum óbreytt starfsárið 2012-2013 eftir miklar skipulagsbreytingar vorið 2011 þegar nýjar starfsreglur læknaáráðs tóku gildi. Auk formanns og varaformanns skipa hvert hinna sex klínísku sviða einn aðalmann í stjórn læknaáráðs. Að auki er valinn einn varamaður frá hverju sviði, sem tekur sæti aðalmanns í forföllum. Einnig er fulltrúi deildarlækna með sæti í stjórn læknaáráðs.

Stjórn læknaáráðs Landspítala starfsárið 2012-2013 skipuðu;

Anna Gunnarsdóttir formaður

Agnes Smáradóttir varaformaður

Geðsvið: **Nanna Briem** aðalfulltrúi og **Birna G.**

Þórðardóttir varamaður. Skiptu þær verkum seinni hluta tímabilsins og tók Birna sæti aðalfulltrúa í stjórn og Nanna til vara.

Kvenna- og barnasvið: **Sveinn Kjartansson** aðalfulltrúi og **Ebba M. Magnúsdóttir** varamaður.

Skurðlækningasvið: **Guðmundur Daníelsson** aðalfulltrúi og **Einar Örn Einarsson** varamaður.

Lyflækningasvið: **Dóra Lúðvíksdóttir** aðalfulltrúi og **Hrefna Guðmundsdóttir** varamaður.

Rannsóknarsvið: **Guðrún Svanborg Hauksdóttir** aðalfulltrúi og **Maríanna Garðarsdóttir** varamaður.

Bráðasvið: **Friðrik Yngvason** aðalfulltrúi. Ekki tókst að skipa varamann bráðasviðs í stað Eggerts Eyjólfssonar sem hætti störfum á Landspítala í lok fyrra starfsárs.

Deildarlæknar: **Jónína Ingólfssdóttir** aðalfulltrúi og **Már Egilsson** varamaður.

Skrifstofustjóri læknaáráðs **Örn Þ. Þorvarðarson** sinnti störfum ritara fyrir stjórn læknaáráðs.

Formaður Læknaáráðs sat reglulega fundi með Ólafi Baldurssyni framkvæmdastjóra lækninga. Mörg málefni voru rædd sem síðar voru tekin fyrir á stjórnarfundum læknaáráðs. Sagt er frá helstu málefnum í yfirliti um umfjöllunarefni læknaáráðs. Mikilvægt er að halda áfram þessum samráðsfundum til að auðvelda aðgengi læknaáráðs að framkvæmdastjórn spítalans með hin ýmsu málefni sem snerta lækna, störf þeirra og þjónustu við sjúklinga þeirra.

Formaður sat einnig nokkra fundi með forstjóra Landspítala, Birni Zoëga og voru sumir þeirra upplýsingafundir ásamt formanni hjúkrunarráðs Landspítala.

Almennt má segja að góð samskipti hafi verið milli stjórnar

læknaáráðs, framkvæmdastjóra lækninga og forstjóra Landspítala.

Formaður hefur setið í stjórn Magna, Tækjasjóði Landspítala og Landspítalasjóði Íslands.

Þá hefur formaður átt fundi með formanni Læknafélags Íslands, Þorbirni Jónssyni, formanni Læknafélags Reykjavíkur, Steini Jónssyni og formanni Félags almennra lækna, Ómari Sigurvini Gunnarssyni.

Einnig hefur formaður fundað með Eygló Ingadóttur formanni hjúkrunarráðs Landspítala.

2. Stjórnarfundir

Samkvæmt starfsreglum Læknaáráðs hefur stjórn Læknaáráðs fundað að jafnaði á 2ja vikna fresti, oftast ef tilefni stóð til. Að venju voru fáir fundir yfir sumartímamann vegna sumarfría og almennt minni umsvifa í stjórnkerfi spítalans og ríkisins. Stjórnarfundir á liðnu starfsári voru haldnir á miðvikudögum og voru þeir samtals 22.

Þar voru ýmis málefni rædd og fjöldi gesta boðaðir á fundi stjórnar. Það má fullyrða að almennt hafi verið góð samstaða meðal stjórnarmanna um öll helstu mál og aldrei þurfti að útkljá mál með formlegri atkvæðagreiðslu. Fundirnir hafa verið haldnir á Landspítalanum við Hringbraut að undanskildnum einum fundi sem haldinn var í Hörpunni í tengslum við Læknadaga í janúar.

Á þessu starfsári var það fyrirkomulag endurtekið, að boða til stjórnarfundar með forstjóra Landspítala ásamt öllum stjórnarmönnum og varamönnum. Telur stjórnin það mikilvægt fyrirkomulag til að tryggja aðkomu sem flestra sérgreina á fundi um ákveðin málefni.

3. Almennir læknaáráðsfundir

Í samræmi við starfsreglur læknaáráðs voru á síðasta starfsári haldnir 3 almennir læknaáráðsfundir, einn á haustmisseri og tveir á vormisseri. Fundargerðir þessara funda aftur í ársskýrslunni (fylgiskjöl 17-19). Mikið ánægjuefni var hve þátttaka lækna var góð á þessum fundum. Fundartímar hinna almennu læknaáráðsfunda hefur verið óhentugur og var breytt út frá venjunni við fyrsta fundinn sem haldinn var á föstudagsmorgni í stað eftir hádegis. Reyndist sá tími vel en erfitt er þó að finna fundarstað á öðrum tíma en á hefðbundnum tímum og voru seinni tveir fundirnir því haldnir á föstudegi kl 13.

Allir fundirnir voru haldnir í Hringsal á Hringbraut.

Fyrsti almenni læknaáráðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 17) var haldinn í lok nóvember 2012 undir yfirskriftinni “**Starfsumhverfiskönnun Landspítala 2012-staða lækna**”. Frummælendur voru **Hörður Þorgilsson** sálfræðingur á mannauðssviði Landspítala og **Kristinn Tómasson** dr. med., yfirlæknir Vinnueftirlitsins.

Hörður Þorgilsson sagði frá starfsumhverfiskönnun Landspítala 2012 og kynnti sérstaklega niðurstöður sem varða lækna Landspítala árin 2010 og 2012. Svarhlutfall lækna var lægra en almennt á spítalanum (á bilinu 28-57%) og er það miður að lækna sjái sér ekki fært á að taka þátt í könnun sem þessari. Almennt má segja að niðurstöður könnunarinnar um starfsumhverfi koma verr út fyrir sérfræðilækna og lækna án sérfræðileysis í samanburði við yfirlækna og aðra starfsmenn spítalans.

Kristinn Tómasson yfirlæknir Vinnueftirlitsins fór yfir starfsumhverfi lækna á Landspítala, byggt á niðurstöðum starfsumhverfiskönnunar spítalans, sem hann taldi í ýmsu ábótavant. Dræm þátttaka væri í könnuninni sem bendi til sinnuleysis starfsmanna gagnvart könnuninni. Slíkt stafaði mögulega af þrennu; tímaleysi, tilgangssleysi eða hræðslu við að svara. Hollustuþættir kæmu áberandi illa út og spurningin um hvort Landspítali teldist aðlandi vinnustaður fengi klárlega fallelkunn. Ljóst væri að niðurstöður könnunarinnar kalli á tímasetta úrbótaáætlun með skilgreindum markmiðum og jafnvel aðkomu öryggisnefndar spítalans.

Töluverðar umræður sköpuðust sem m.a. fólst í fyrirsögnunum um hvernig hefði verið brugðist við fyrri könnun frá 2010 og sagði Hörður að þar mætti telja átak með starfmannasamtöl og einnig var farið inn á deildir sem komu sérstaklega illa út úr könnuninni til að leita úrbóta. Ljóst er að betur má ef duga skal og telur stjórn lækna ráðs að mikilvægt er að unnið verði áfram í þessum málum á vegum framkvæmdastjórn og yfirlækna spítalans.

Annar almenni lækna ráðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 18) var haldinn um miðjan febrúar 2013 með fyrirsögnina “*Staðan á Landspítalanum*”.

Frummælendur voru **Anna Gunnarsdóttir** formaður lækna ráðs, **Pálmi V. Jónsson** yfirlæknir öldrunarlækningadeildar, **Sigðurður Guðmundsson**, sérfræðilæknir á smitsjúkdómadeild og **Ómar Sigurvin Gunnarsson** formaður FAL.

Ár 2013 byrjaði með látum og var gríðarlega mikið álag á starfsfólk spítalans þar sem sýkingafaraldrar með influensu, RS og Nóróveiru skullu á, óvenju snemma og allir á sama tíma. Gangainnlagnir voru daglegt brauð, sérstaklega á lyflækningadeildum og bráðadeildum. Á sama tíma voru óvenju margir inniliggjandi sjúklingar með gilt færni- og heilsumat í bið eftir öðrum úrræðum. Viðbragðsstjórn Landspítala var virkjuð og grænt óvissustig var endurtekið boðað á spítalanum. Í fréttum fjölmiðla kom fram að starfsfólk spítalans óttaðist að nú væri allt of langt gengið í hagræðingu vegna niðurskurðar og að öryggismörkum væri náð. Stjórn lækna ráðs boðaði til almenns lækna ráðsfundar um miðjan febrúar til að ræða þá stöðu sem upp var komin.

Anna Gunnarsdóttir fór yfir þróun fjárveitinga og rekstrarniðurstöður Landspítala frá árinu 2008. Fram kom að rekstrarhagræðing hefur orðið sem nemur 23% á tímabilinu

vegna niðurskurðar á fjárveitingum til Landspítalans. Sú hagræðing birtist m.a. í fækkun starfsfólks og sjúkrarúma. Formaður sagði að lækna spítalans þyrftu að þjappa sér saman, fara yfir málin og sameinast um lausnir.

Pálmi V. Jónsson ræddi málefni eldra fólks á Landspítalanum. Hann lýsti stöðu mála og hver vandamálin væru. Pálmi sagði vandmálin vera gömul hús, gömul tæki og úrelt nálgun. Hann kom fram með tillögum að því hvernig kynna megi málin og leggja fram lausnir. Pálmi sagði mikilvægt að flýta opnun hjúkrunarheimila. Einnig lýsti hann ávinningi af alhliða öldrunarmati. Pálmi benti auk þess á mikilvægi þess að Landspítali fengi stuðning frá ytra umhverfi.

Sigurður Guðmundsson sagði spítalan vera kominn fram af bjargbrúninni og marga starfsmenn una illa sínum hag. Spítalinn væri yfirfullur og þanþolið lítið og slíkt væri ekki inntak öflugrar heilbrigðisþjónustu. Einnig væru vinnuáðstæður slæmar og tækjabúnað úreltur. Hann sagði niðurskurðinn sem heilbrigðisþjónustan hefur orðið fyrir hafa leitt til þess ástands sem nú er og að lækna þyrftu að vera raunsær og ekki mætti draga úr vandanum. Tala þurfi tæpitungulaust og gera heilbrigðismálin að kosningamáli.

Ómar Sigurvin Gunnarsson lýsti starfsumhverfi almennra lækna og kandidatefna á spítalanum. Hann sagði starfsleiða meðal yngri lækna og of lítinn stuðning vegna manneklu. Einnig nefndi hann að skortur væri á mælitæki á því álagi sem er á læknum. Ómar lagði fram tillögum um mögulegar úrbætur.

Að loknum farmsöguerindum fóru fram almennar umræður.

Þungur rómur var í fundarmönnum. Fram kom að mikilvægt væri að gera grein fyrir vandanum út á við, til stjórnmalamanna og almennings.

Mikil óánægja kom fram vegna húsnæðisvanda spítalans og bar þá hæst mygla og raki í gömlu byggingunni á Hringbraut og leki í fleiri byggingum spítalans þar sem eðlilegt viðhald hefur setið á hakanum.

Tækjamál spítalans voru tíðrædd þar sem fundarmenn kvörtuðu yfir lélegum tækjum og takmarkuðu aðgengi að endurnýjunum og eðlilegum uppfærslum.

Mikil samstaða var þó meðal fundarmanna að lækna þyrftu að standa saman og skapa umræðu um ástand spítalans. Framundan væru Alþingiskosningar og mikilvægt að koma heilbrigðismálum í umræðuna fyrir kosningar og segja frá því hvernig ástandið er. Hugmynd um fundi með frambjóðendum fyrir kosningar til að ræða heilbrigðismál var tekið vel. Krefja þyrfti stjórnmalamenn til svara um afstöðu þeirra til heilbrigðismála. Fundarmönnum fannst lítil áhugi meðal stjórnmalamanna um ástand Landspítalans og heilbrigðismál almenn.

Formaður lækna ráðs lagði fyrir tillögu stjórnar um ályktun varðandi ástandið á Landspítala sem var breytt á róttækan hátt af fundarmönnum þar sem mat manna var að kveða þyrfti mun

sterkar að orði ef hún ætti að ná athygli fjölmiðla. Mikilvægt væri að fylgja ályktuninni eftir með fjölmiðlaumræðu. Ályktun fundarins var vísað til stjórnar til frekari afgreiðslu (fylgiskjal nr. 13).

Þriðji almenni lækna ráðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 19) var haldinn 5. apríl 2013 með fyrirsögnina “**Vöruhús klínískra gagna á LSH (clinical data warehouse)**”. Frummælendur voru **María Heimisdóttir**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs LSH og **Sveinn Guðmundsson**, yfirlæknir Blóðbankans.

María Heimisdóttir kynnti vöruhús gagna og notkunarmöguleika þess. Hún sagði að farið hefði verið út í verkefnið til að bæta og auðvelda aðgengi að rafrænum gögnum spítalans. Í vöruhúsinu er hægt að taka gögn úr öllum rafrænum kerfum sem mynda rafræna sjúkraskrá auk fleiri kerfa s.s. mannauðskerfis. María sýndi nokkur dæmi um notkun vöruhússins. Einnig lýsti hún næstu skrefum og þeim möguleikum sem eru í stöðunni til framtíðar. Misjafnt er eftir gögnum hversu langt aftur í tímann er hægt að ná í upplýsingar en t.d. upplýsingar um lyf ná aftur til 2008.

Umræður sköpuðust og ljóst var að hér er mikilvægt og öflugt verkfæri á ferð sem á eftir að nýtast vel við gæðarannsóknir og vísindavinnu sem og klíniska vinnu á spítalanum.

Sveinn Guðmundsson sagði frá því hvernig vöruhús klínískra gagna nýtist í starfsemi Blóðbankans auk þess sem hann lýsti þeim möguleikum sem geta falist í kerfinu í framtíðinni. Sveinn sýndi dæmi um hvað aðrar þjóðir eru að gera og sagði að með tilkomu vöruhússins gefist möguleiki á sambærilegum upplýsingum og hægt er að kalla fram í öðrum löndum.

4. Fræðslufundur Lækna ráðs

Níu fræðslufundir voru haldnir á starfsárinu og voru þeir haldnir kl. 8 á föstudagsmorgnum, annan föstudag í mánuði í Hringisal við Hringbraut. Efni fundanna má sjá í fylgiskjali nr. 20. Fræðslunefndin hefur boðið upp á fjölbreytileg fundarefni yfir veturinn, fundarsókn hefur verið til fyrirmyndar og almenn ánægja hefur verið meðal lækna með fundina.

5. Ályktanir aðalfundar Lækna ráðs 18. maí 2012

Á aðalfundi Lækna ráðs 18. maí 2012 voru samþykktar tvær ályktunartillögur (fylgiskjal nr. 10). Báðar ályktunartillögurnar voru áskorun til stjórnvalda, sú fyrri var áskorun að hefja byggingu nýs Landspítala og sú seinni um að koma á samtengdri rafrænni sjúkraskrá milli heilbrigðisstofnana sem fyrst. Umræður voru um ályktanirnar og var þeim vísað aftur til stjórnar lækna ráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Fyrri ályktun aðalfundarinnar hljóðaði svo:

Starfsemi Landspítalans fer fram á 17 stöðum í nær 100 húsum á stórreykjavíkursvæðinu. Í þessu fyrirkomulagi felst mikið rekstrarlegt óhagræði og óþægindi fyrir sjúklinga sem oft þurfa að flytjast á milli bygginga. Brynt

er fyrir þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað.

Lækna ráð Landspítala styður heilshugar byggingu á nýjum sameinuðum Landspítala og skorar á stjórnvöld að sjá til þess að framkvæmdirnar hefjist sem fyrst.

Seinni ályktunin var svohljóðandi:

Rafræn sjúkraskrá er mikilvæg fyrir öryggi sjúklinga og nauðsynleg þeim sem vinna við heilbrigðisþjónustuna. Eins og staðan er í dag er hvorki mögulegt fyrir lækna Landspítalans að nálgast beint upplýsingar um sjúklinga sem leita til spítalans um fyrri sjúkdóma né meðferðir sem fara fram annars staðar, hvort sem um er að ræða ríkisreknar stofnanir eða einkafyrirtæki. Í nýlegri netkönnun meðal lækna Landspítalans kom fram að 98% þeirra lækna sem tóku þátt töldu það vera mjög mikilvægt að samtengja rafræna sjúkraskrá á landsvísu.

Lækna ráð Landspítala ítrekar mikilvægi þess að auðvelt sé að nálgast allar þær upplýsingar sem geta skipt máli við meðferð sjúklinga sem leita til spítalans til að tryggja öryggi þeirra. Skorar lækna ráð Landspítala á heilbrigðisvæðingum að koma á samtengdri rafrænni sjúkraskrá milli heilbrigðisstofnana sem fyrst

6. Starfsreglur lækna ráðs

Lækna ráð starfar samkvæmt samþykktum starfreglum frá því í maí 2010 og má lesa þær í heild sinni aftur í ársskýrslunni (fylgiskjal nr. 1). Engar breytingar voru gerðar á starfsreglum á liðnu starfsári og engar breytingatillögur liggja fyrir aðalfund þegar þetta er ritað.

7. Starfs- og gjafasjóður Lækna ráðs

Starfs- og gjafasjóður Lækna ráðs starfar samkvæmt reglum sem settar voru árið 2003. Iðgjöld í sjóðinn eru valgreiðslur fyrir alla sérfræðinga starfandi við LSH og var iðgjaldið hækkað á síðasta aðalfundi í 2.000 kr. úr 1.500 kr. sem hafði verið óbreytt frá því árið 2007. Í stjórn starfs- og gjafasjóðs sitja formaður, varaformaður og einn sérfræðilæknar úr lækna ráði, sem hefur verið Birna G. Þórðardóttir geðlæknir. Starfs- og gjafasjóður Lækna ráðs færir læknum spítalans gjafir á merkisdögum í lífi þeirra, það er á sextugs- og sjötugsafmæli þeirra eða við starfslok vegna aldurs. Einnig er hlutverk sjóðsins að minnast látinna starfsfélaga með því að senda krans eða blómaskreytingu við andlát. Sú nýbreytni varð á liðnu starfsári að gjafir til 70 ára kollega voru afhentar á fjölmennum jólafundi fræðslunefndar lækna ráðs í desember, mæltist það vel fyrir og er fyrirhugað framhald á því.

Yfirfarnir reikningar sjóðsins hafa verið samþykktir af stjórn Lækna ráðs án athugasemda (fylgiskjal nr. 2). Tap á rekstri sjóðsins nam 103.170 kr., heldur minna en árið áður þrátt fyrir hækkun iðgjalda og lækkun gjafakostnaðar. Iðgjaldatekjur eru

lægri en árið áður og vill stjórn lækna ráðs því hvetja lækna að taka þátt í starfsemi sjóðsins með framlögum sínum. Fyrir aðalfund liggur fyrir breytingartillaga frá stjórn lækna ráðs um greiðslufyrirkomulag í sjóðinn til að lækka rekstrarkostnað enn frekar.

8. Nefndir Lækna ráðs

Samkvæmt starfsreglum Lækna ráðs eru fastanefndir þrjár, það eru;

- 1) Stöðunefnd, formaður **Jóhann Heiðar Jóhannsson**.
- 2) Fræðslunefnd, formaður **Páll E. Ingvarsson**.
- 3) Valnefnd, formaður **Gylfi Óskarsson**.

Breytingar urðu á erindisbréfi stöðunefndar í mars 2012 sem hefur auðveldað og flýtt fyrir afgreiðslu stöðunefndar í umsóknarferli sérfræðilækna. Valnefnd hefur unnið töluvert nú á vormánuðum við undirbúning aðalfundar þar sem framundan eru breytingar á stjórn lækna ráðs og nefndum þess. Fræðslunefnd hefur skipulagt mánaðarlega fræðslufundi, og sjá má fundarefni í fylgiskjali 20. Formenn nefnda hafa gert skriflega grein fyrir starfi sínu á liðnu starfsári og má lesa skýrslur þeirra aftar í þessari ársskýrslu (bls 13-15).

Jóhann Heiðar Jóhannsson formaður stöðunefndar lætur af formennsku stöðunefndar á næsta aðalfundi eftir fjögurra ára formennsku og þakkar stjórn lækna ráðs einstaklega vönduð vinnubrögð og gott samstarf á liðnum árum.

Formenn fræðslunefndar og valnefndar gefa áfram kost á sér og er þeim einnig þakkað frábært starf.

9. Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa tilnefnda af Lækna ráði

Lækna ráð á fulltrúa í allmörgum nefndum á vegum framkvæmdastjórnar Landspítala. Þessar nefndir og fulltrúar lækna ráðs eru tilgreindir í eftirfarandi töflu. Sjá má ársskýrslur eftirfarandi nefnda á bls. 16-20.

Nefnd	Fulltrúi lækna ráðs	Varamaður
Lyfjanefnd	Hlíf Steingrimsdóttir	Kjartan J. Kjartansson
Siðanefnd	Sigrún Reykdal	Inga S. Þráinsdóttir
Siðfræðinefnd	Halldór Kolbeinsson	Jakob Jóhannsson
Eftirlitsnefnd um sjúkraskrár	Halldóra Jónsdóttir	
Vísindaráð	Gísli H. Sigurðsson	Magnús Gottfreðsson

Helstu umfjöllunarefni stjórnar Læknaráðs starfsárið 2012-2013

Rekstur og fjárveitingar til Landspítala

Í fyrsta skipti í langan tíma var ekki gert ráð fyrir frekari niðurskurði í framlögum til Landspítalans í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 sem birtist á haustmánuðum 2012. Það var fagnaðarefni en þó var ljóst að staðan á Landspítalanum og þá sérstaklega m.t.t. fjárveitinga til tækjabúnaðar væri alvarleg á spítalanum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir einungis 262 milljónum til tækjakaupa sem er um það bil helmingur af uppreiknaðri fjárveitingu til tækjakaupa eins og hún var árið 2000! Kostnaður við tækjakaup á forgangslista spítalans var áætlaður rúmlega 800 milljónir á þessum tíma og því ljóst að fjárveiting skv. frumvarpinu næði engan veginn til að mæta bráðri þörf spítalans fyrir nauðsynlegum tækjum og uppfærslum. Læknaráð Landspítala sendi frá sér ályktun þar að lútandi í september 2012 (fylgiskjal 11). Niðurstöður fjárlaga 2013 eftir umfjöllun á Alþingi og endurteknar viðræður forstjóra við velferðarráðuneytið skilaði spítalanum 600 milljónum til viðbótar til kaupa á tækjum og búnaði. Einnig fékk spítalinn 150 milljónir í fjáraukalögum í nóvember 2012 til tækjakaupa. Á þennan hátt var hægt að koma á móts við forgangslista spítalans en langur listi er þó eftir af tækjum og búnaði á spítalanum sem þarfnast endurnýjunar. Það er álit læknaráðs Landspítala að þegar sé búið að ganga of langt í niðurskurði á fjárveitingum til spítalans og hefur læknaráð sent frá sér endurteknar ályktanir þar af lútandi á síðastliðnum árum. Ljóst er að nú þarf að bæta í og byggja upp að nýju.

Breytingar á stjórnskipulagi Landspítala

Nýtt skipulag Landspítala var kynnt í desember 2012 og tók gildi 1. janúar 2013. Engar breytingar voru gerðar á hinum sex klínísku sviðum en breytingarnar fólust í að vísinda-, mennta- og nýsköpunarsvið var sameinað framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar í eitt **vísinda- og þróunarsvið**. Yfir því sviði verða framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar sameiginlegir stjórnendur og skiptist sviðið í fjórar deildir; **flæðisdeild, gæða- og sýkingavarnardeild, vísindadeild og menntadeild**. Meginmarkmið með þessari breytingu er að efla vísindi og öryggismenningu á Landspítala í þágu sjúklinga.

Hin breytingin fólst í að mannauðssvið var lagt niður og færðust verkefni þess undir skrifstofu forstjóra. Þar verða þau á **mannauðsdeild** og **lögfræðideild**.

Við þessar breytingar fækkaði framkvæmdastjórum um tvo. Í framkvæmdastjórn eru því nú 10 framkvæmdastjórar, forstjóri og aðstoðarforstjóri.

Hvorki var beðið um álit læknaráðs né hjúkrunarráðs Landspítala frá forstjóra né framkvæmdastjórn spítalans áður en þessar breytingar tóku gildi og er það miður að mati stjórnar læknaráðs. Læknaráð Landspítala er lögbundið ráðgjafaráð

forstjóra og skv. 2. grein starfsreglna læknaráðs skal læknaráð vera stjórnendum til ráðuneytis í málum er varða stefnumótun sjúkrahússins, þróun og skipulag, meðal annars. Formaður læknaráðs ræddi því við framkvæmdastjóra lækninga um þetta atriði og ítrekaði óskir um að erindi skyldu berast læknaráði til álits og umsagnar frá framkvæmdastjórn ef skipulagsbreytingar væru fyrirhugaðar.

Nýr Landspítali

Aðalfundur læknaráðs Landspítala sendi frá sér ályktun aðalfundar í júní 2012 (fylgiskjal 10) þar sem læknaráð lýsti yfir heilshugar stuðningi við byggingu á nýjum Landspítala með áskorun á stjórnvöld um að sjá til þess að framkvæmdirnar hefjist sem fyrst. Ljóst er að húsnæðisvandi spítalans er gríðarlegur og framtíðarlausn hlýtur að felast m.a. í sameiningu á starfseminni á einn stað. Hægt gengur þó með áætlanir nýja Landspítalans en áfangasigur náðist þó í lok þinghalds þegar samþykkt var frumvarp um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í lok mars 2013. Frumvarpið var samþykkt með tveimur breytingartillögum þar sem annars vegar er gert ráð fyrir því að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. september og hins vegar er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að fela Nýjum Landspítala ohf. að fara í forval vegna undirbúning fyrir útboð á fullnaðarhönnun. Það útboð var auglýst nú í apríl og er miðað við að niðurstaða forvalsins liggi fyrir og verði kynnt 20. ágúst. Formaður læknaráðs hefur sótt tvo upplýsingafundi um verkefnið á starfsárinu.

Umsóknir um stöður sérfræðinga á LSH

Á liðnu starfsári voru 25 stöður sérfræðilækna auglýstar lausar á Landspítalanum. Samtals bárust 39 umsóknir í 23 auglýstar stöður í 17 mismunandi sérgreinum sem stöðunefnd fjallaði um. Um 2 auglýstar stöður sérfræðilækna bárust engar umsóknir og tvær sérfræðistöður eru nú til umfjöllunar hjá nefndinni þegar þetta er ritað. Þetta gera 1,5 umsóknir að meðaltali á hverja stöðu samanborið við 0,9 umsóknir að meðaltali um hverja stöðu s.l. starfsár þegar einungis 16 umsóknir bárust um 13 auglýstar stöður sérfræðinga. Læknaráð sér vonargætu í því að ásókn og áhugi ungra sérfræðinga erlendis sé aftur að aukast fyrir því að koma til starfa á Landspítala.

Starfslýsingar almennra lækna og sérfræðilækna

Miklar umræður hafa verið í stjórn læknaráðs um vinnu sérfræðilækna og almennra lækna spítalans. Starfslýsing er til fyrir yfirlækna spítalans en ekki að sama skapi fyrir aðra lækna. Þannig hafa fulltrúar frá Félagi almennra lækna (FAL) átt fundi með stjórn læknaráðs vegna vinnu þeirra við stefnumótun fyrir starfslýsingar, verklagsreglur og vinnuskipulag kandiata og deildarlækna. Sjá nánar í skýrslu formanns frá fyrra starfsári.

Fulltrúar FAL hafa hug á að hefja skráningu á læknisverkum til að skrá betur hvaða störfum þeir gegna. Stjórn læknaáráðs styður þá vinnu sem hlýtur að stuðla að betri gæðum og starfsánægju lækna.

Stjórn læknaáráðs hefur einnig rætt við starfshóp á lyflækningasviði sem í hafa verið Vilhelmina Haraldsdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, sérfræðilæknarnir Runólfur Pálsson og Arnór Víkingsson ásamt Elísabetu Guðmundsdóttur verkefnisstjóra. Þeirra verkefni hefur verið í þróun s.l. 3-4 ár með skráningu á klínísku vinnuframlagi út frá áætluðum tíma fyrir mælanleg störf út frá sögukerfinu s.s. komur á göngudeildir, rafræna ráðgjöf, legur, dagdeildarstörf og sérhæfð verkefni. Þetta verkefni hefur að einhverju leyti verið staðfært á önnur svið s.s. á geðsviði, skurðlækningaviði og kvenna- og barnasviði til framleiðnimælinga hjá sérfræðilæknum.

Eins og staðan er í dag, með skort á ákveðnum starfslýsingum fyrir bæði sérfræðilækna og almenna lækna og þar sem ekki nákvæmlega er skilgreint hversu marga sjúklinga eðlilegt getur talist að lækna sinni í teymisvinnu né taki á móti á vöktum, byggir okkar kerfi á að lækna þekki sín takmörk og láti sína yfirmenn vita ef þeir telja sig ekki geta veitt góða lækniþjónustu vegna álags. Þetta hefur ítrekað verið rætt innan stjórnar læknaáráðs á þeim álagstímum sem undangengnir eru og vill stjórn læknaáráðs því ítreka það við lækna spítalans að þeir láti vita og fari fram á aðstoð ef þeir meta stöðuna þannig. Öryggi sjúklinga verður ávallt að vera í fyrirrúmi.

Könnun um rafræna sjúkraskrá

Stjórn læknaáráðs Landspítala stóð fyrir netkönnun um rafræna sjúkraskrá meðal lækna í læknaáráði vorið 2012. Voru niðurstöður þessarar könnunar kynntar á aðalfundi læknaáráðs í maí 2012 og samþykkti aðalfundur ályktun með áskorun til heilbrigðisyrivalda að koma á samtengdri rafrænni sjúkraskrá milli heilbrigðisstofnana sem fyrst (fylgiskjal nr. 10). 199 lækna svöruðu (40,5% þátttaka) könnuninni. Niðurstöðurnar sýndu mikla óánægju með núverandi rafrænt sjúkraskrárkerfi á Landspítala. Þar kom fram að rúmlega helmingur þeirra lækna sem tóku þátt óskuðu eftir að nýtt rafrænt sjúkraskrárkerfi væri tekið í notkun. Aðalfundur læknaáráðs samþykkti að senda niðurstöðurnar til framkvæmdastjóra lækninga með áskorun um að endurskoða val á sjúkraskrárkerfi spítalans. Óskað var eftir að skipt væri um rafrænt sjúkraskrárkerfi sem notað væri á spítalanum og annað fengið sem hentaði betur starfseminni og tryggi þar með betur öryggi sjúklinga (fylgiskjal nr. 6). Niðurstöður könnunarinnar voru einnig sendar framkvæmdastjóra HUT að beiðni framkvæmdastjóra lækninga.

Svar framkvæmdastjóra lækninga má sjá í fylgiskjali nr. 7. Þar kemur fram að áætlaður kostnaður við skipti á sjúkraskrárkerfi sé 3-4 milljarðar. Á síðasta ári hefur einnig verið sett í gang verkefni til að efla kennslu á þeim rafrænu kerfum sem notuð eru

á spítalanum en áberandi var í niðurstöðum könnunarinnar hve margir höfðu ekki fengið formlega kennslu í notkun kerfanna. Niðurstöður könnunarinnar má sjá í heild sinni í fylgiskjali nr. 8. Í bið eftir öðru betra vill stjórn læknaáráðs hvetja lækna að nýta sér þessa kennslu sem er reglulega auglýst á heimasíðu Landspítalans.

Varaformaður læknaáráðs sótti málþing um rafræna sjúkraskrá í janúar 2013 þar sem fram kom að til eru 11 mismunandi rafrænir grunnar á landinu og áætlað er að koma upp miðlægu skýi sem hefur fengið heitið Hekla sem tekur við upplýsingum frá öllum þessum grunnum og hægt verður að sækja upplýsingar úr grunnunum í Heklu.

Fundir með læknum á mismunandi deildum

Stjórn læknaáráðs hóf þá nýbreytni á síðastliðnu starfsári að fara í heimsóknir á læknafundum hinna mismunandi deilda spítalans. Tilgangurinn var tvíþættur, annars vegar að kynna læknaáráð og hlutverk þess og hins vegar til að formaður, varaformaður og stjórnarfulltrúar þess sviðs sem heimsótt var fengju tækifæri að ræða þau mál sem voru í brennidepli á hverju sviði. Verkefnið var erfiðara í framkvæmd en búist var við f.o.f. þar sem kom í ljós að flestar deildir eru með læknafundum á sama tíma.

Á starfsárinu náðist að skipuleggja fjóra slíka fundi sem voru mjög gefandi og góð umræða skapaðist. Fundað var með læknum Barnaspítala Hringingsins, Kvennadeildar, Röntgendeildar og Geðdeildar. Ýmis málefni voru tekin til umfjöllunar og þó flest þeirra tengdust beint eða óbeint niðurskurði og hagræðingu í rekstri voru mörg málefni meira tengd skipulagi og vinnufyrirkomulagi mismunandi deilda.

Þessir fundir mæltust vel fyrir sem var ánægjulegt og mun stjórn læknaáráðs skipuleggja fleiri fundi á komandi starfsári til að ná til fleiri lækna spítalans.

Síðareglur og Mannauðsstefna Landspítala

Stjórn læknaáráðs hefur komið að vinnu með mannaúðssviði og síðfræðinefnd Landspítala um drög að mannaúðsstefnu og síðareglum Landspítala. Síðareglur og mannaúðsstefna Landspítala var gefið út á árinu og má sjá á heimasíðu Landspítala;

<http://innri.lsh.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11445>

Umsagnir um lagafrumvörp

Stjórn Læknaáráðs skilaði einni umsögn um lagafrumvarp til Alþingis á síðastliðnu starfsári. Það var umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lækningatæki nr. 16/2001 (mál 67)(sjá fylgiskjal nr. 9). Breytingartillögurnar höfðu það að meginmarkmiði að auka skráningu og eftirlit með lækningatækjum hérlendis með það að leiðarljósi að auka öryggi

fyrir notendur slíkra tækja sem ber að fagna. Breytingartillagan fól í sér að eftirlitshlutverk yrði hjá Lyfjastofnun ríkisins þar sem skráning og eftirlit með lækningatækjum yrði og að gjaldtaka yrði af því til innflytjenda og/eða framleiðendum viðkomandi lækningatækja. Þótti stjórn lækna ráðs ljóst að þess konar viðbót á gjaldtöku myndi leiða til hækkunar á innkaupsverði lækningatækja fyrir Landspítalans og var því mótmælt. Einnig voru gerðar athugasemdir við orðalag í lagafrumvarpinu.

Formaður lækna ráðs og skrifstofustjóri sátu fund með velferðarnefnd Alþingis þar sem frumvarpið og umsögn lækna ráðs var rædd.

Breytingartillagan er hjá velferðarnefnd eftir aðra umræðu á Alþingi.

Vorið 2013

Ekki verður annað hægt að segja en að vorið 2013 hafi verið viðburðaríkt fyrir starfsemi Landspítala og lækna ráð. Landspítalinn hefur verið mikið í fjölmiðlum og mikil umræða skapast um starfsemi hans og heilbrigðiskerfisins almennt. Af nógu var að taka; yfirvofandi uppsagnir hjúkrunarfræðinga og almennra lækna, húsasótt og mygla í gömlu fallettu byggingunni okkar á Hringbraut, gríðarlegt álag í byrjun árs með influensu, RS og nóróveirufaraldur, hvöss ályktun lækna ráðs um miðjan febrúar og samstöðu lækna ráðs, LÍ og LR um að leggja að stjórn málamönnum og gera heilbrigðismál að kosningamáli fyrir Alþingiskosningar í apríl.

Yfirvofandi uppsagnir

Mikil ólga hefur verið almennt hjá starfsfólki Landspítalans síðastliðið starfsár vegna starfsaðstöðu, aðbúnaði og kjara eftir erfiðan samdráttartíma undanfarin fjögur ár. Um 280 hjúkrunarfræðingar frá þremur sviðum spítalans (skurð-, lyf- og kvenna- og barnasviði) sögðu starfi sínu lausu í lok árs 2012. Mikil almenn óánægja var meðal hjúkrunarfræðinga um að ekki hafði orðið endurskoðun á stofnanasamningi við hjúkrunarfræðinga eins og áætlað var skv. kjarasamningi. Áttu uppsagnirnar að taka gildi 1. mars 2013. Lækna ráð Landspítalans sendi frá sér ályktun í desember 2012 vegna málsins (fylgiskjal nr. 12) þar sem ljóst var að ekki væri hægt að starfrækja spítalann í óbreyttri mynd ef svo margir hjúkrunarfræðingar hættu á sama tíma. Til allrar lukku náðist að koma til móts við hjúkrunarfræðinga í lok febrúar og drógu nær 90% hjúkrunarfræðinga uppsagnir sínar til baka.

Um 25 almennir lækna sögðu upp starfi sínu í lok febrúar. Voru þeir starfandi á lyflækningadeildum, kvennadeild og bæklunarskurðeild. Hafði stjórn lækna ráðs miklar áhyggjur af stöðu mála og komu sumir þeirra lækna sem höfðu sagt upp störfum á fund stjórnar lækna ráðs. Uppgefnar ástæður voru ýmsar en hæst bar ófullnægjandi starfsaðstaða, skortur á

starfsaðlögun, ófullkomnir verkferlar, vöntun á starfslýsingum, ógreidd unnin yfirvinna og léleg kjör. Unnið var að lausn deilunnar með yfirmönnum viðkomandi deilda og náðist að ná sáttum í lok febrúar þannig að flestir almennir lækna drógu uppsögn sína til baka og héldu áfram störfum á Landspítala. Skilyrði fyrir þeirri sáttarlausn var að unnið væri markvisst að bættu starfsaðstöðu og verkferlum og er sú vinna í gangi..

Húsasótt á Landspítala

Erindi barst lækna ráði í janúar vegna myglu og raka í gömlu byggingunni við Hringbraut. Að minnsta kosti fimm lækna sem hafa vinnuaðstöðu á 3ju hæð í gamla spítalanum hafa átt við endurteknar öndunarfærasýkingar og einkenni sem samrýmast húsasótt að stríða í alllangan tíma. Stóð einn þeirra fyrir því gerð var úttekt á skrifstofu viðkomandi og vaktherbergi. Kom í ljós raki í veggjum og við glugga ásamt myglusveppum í korki í veggjum og undir gólfdukk. Öryggisnefnd Landspítalans og Vinnueftirlit ríkisins hefur verið tilkynnt um atvinnutengda sjúkdóma af þessum sökum hjá mörgum starfsmönnum og framkvæmdastjórn spítalans hefur brugðist við og sett á laggirnar vinnuhóp en hann skipa;

Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri Landspítala, **María Ingibjörg Gunnbjörnsdóttir** yfirlæknir ofnæmislækninga, **Ólafur Guðlaugsson** yfirlæknir sýkingavarna og **Aðalsteinn Pálsson** deildarstjóri fasteigna. Stjórn lækna ráðs Landspítala hefur fundað með vinnuhópnum ásamt nokkrum af þeim læknum sem hafa fundið fyrir einkennum húsasóttar. Starfsmönnum sem vinna í gömlu byggingunni hefur staðið til boða lækni skoðun og ofnæmispróf en aðeins tveir hafa greinst með ofnæmi fyrir myglusveppi. Rétt er að geta þess að hægt er að hafa mikil einkenni vegna myglu og raka þó ekkert ofnæmi sé til staðar. Til samanburðar var einnig mælt ofnæmi í hóp starfsmanna í Fossvogi og ekki reyndist marktækur munur á milli hópa hvað ofnæmi varðar. Spurningalistar hafa verið sendir á 778 starfsmenn en niðurstöður liggja ekki enn fyrir. Búið er að loka vissum skrifstofum á 3ju hæðinni vegna þessa og lagði lækna ráð áherslu á að þeim læknum yrði útveguð ný skrifstofuaðstaða sem fyrst. Framkvæmdir eru hafnar til að þetta spítalabygginguna í kring um glugga og svalir til að koma í veg fyrir frekari rakamyndun en óljóst er hvort það dugir til að koma í veg fyrir að starfsmenn eða sjúklingar fái einkenni vegna myglu og rakaskemmda sem þegar er til staðar. Stjórn lækna ráðs lítur þessa stöðu alvarlegum augum og kemur til með að fylgjast áfram með gangi mála. Það hlýtur að vera skýlaus krafa starfsmanna Landspítala að starfsumhverfið sé ekki heilsuspillandi fyrir starfsmenn og sjúklinga

Álag á Landspítala

Óvenjumikið álag skapaðist á spítalanum í byrjun árs þegar veirusýkingar skulu á í þjóðfélaginu á fullum krafti. Samtímis vorum við með sjúklinga með influensu, RS og

nóróveirusýkingar og voru þær óvenju snemma á ferð. Á sama tíma voru óvenjumargir sjúklingar með gilt færni- og heilsumat á spítalanum í bið eftir öðrum úrræðum, um og yfir 50 sjúklingar að jafnaði. Gangainnlagnir voru daglegt brauð og starfsmenn óttuðust um öryggi sjúklinga sinna. Álag á spítalanum hefur verið mikið í langan tíma þar sem hagræðing vegna niðurskurðar hefur gert að verkum að sjúkrarúmum hefur fækkað jafnt og þétt. Þau voru 659 árið 2011 og hafði þá fækkað um ca 40% frá árinu 2000 og um 20% frá árinu 2007. Breyttir tímar með öðru vinnulagi hafa auk niðurskurðarkröfu, áhrif á þessa þróun með styttri legutíma og meiri göngudeildarstarfsemi. Þetta er þróun sem er að gerast allstaðar í kringum okkur. Almenn er þó ráðlagt að vera ekki með yfir 85% rúmanýtingu á legudeildum en á Landspítala erum við klárlega með of háa rúmanýtingu þar sem nýtingin liggur nær stöðugt yfir 90% og upp í 100% eins og oft er, sérstaklega á bráðadeildum og lyflækningadeildum. Þegar rúmanýting er svona há er enginn sveigjanleiki eftir í kerfinu þegar koma álagstoppur eins og gerðist í byrjun árs 2013. Grænu óvissustigi var endurtekið lýst yfir á spítalanum og framkvæmdastjórn var með daglega fundi með yfirlæknum til að meta stöðuna og reyndist nauðsynlegt að draga úr valstarfsemi spítalans til að mæta auknu álagi. Upplýsingaflæði reyndist til fyrirmyndar með daglegum færslum á heimasíðu spítalans þannig að starfsmenn gátu fylgst með álaginu hverju sinni. Við þessa stöðu kom þó berlega í ljós hversu mikið er búið að þrengja að starfsemi spítalans.

Er Landspítalinn að deyja??

Almennur lækna ráðsfundur var haldinn 15. febrúar þar sem staðan á Landspítalanum var rædd. Framsögumenn voru **Anna Gunnarsdóttir** formaður lækna ráðs, **Sigurður Guðmundsson** sérfræðilæknir á smitsjúkdómadeild, **Pálmi V. Jónsson** yfirlæknir á öldrunardeild og **Ómar Sigurvin Gunnarsson** deildarlæknir og formaður FAL. Sjá nánar í fundarskýrslu fundar í fylgiskjali nr. 18 um umræðuefni fundarins. Þungt hljóð var í fundarmönnum eftir samfelldan álagstíma og ályktun fundarins (fylgiskjal nr. 13) endurspeglar fyrst og fremst hversu örvæntingafullir lækna spítalans eru um að ná eyrum þeirra sem stjórna landinu og fjármagni til spítalans. Tilgangurinn helgar meðalið og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Fjölmíðlar og stjórn málamenn gripu boltann á lofti og skapaðist heilmikil fjölmiðlaumræða með viðtölum við framsögumenn og fleiri lækna. Formaður ásamt varaformanni lækna ráðs sátu fund með velferðarráðherra til að ræða stöðu mála á Landspítala. Formaður tók einnig þátt í viðtalsþætti við formann Framsóknarflokksins, Sigmund Davíð Gunnlaugsson á ÍNN og svaraði fyrirspurnum í útvarpsfréttapáttum.

Aðdragandi alþingiskosninga

Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur ásamt lækna ráði Landspítalans tóku höndum saman nú á vormánuðum og fengu fulltrúa frá KOM-almannatengsl sér til aðstoðar til að vinna markvisst að því að gera heilbrigðismál að kosningamáli fyrir Alþingiskosningarnar í apríl. Boðað var til opins fundar með fulltrúum fimm stærstu stjórnmálaflokkanna (A,B, D, S,V) miðvikudaginn 3. apríl á Grand Hótel undir fyrirsögninni “**Hvernig er hægt að endurbyggja heilbrigðiskerfið?**”. Framsögumenn á vegum lækna voru **Sigurður Guðmundsson** sérfræðilæknir á Landspítala, **Kristján Guðmundsson** formaður samninganefndar sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og **Gunnlaugur Sigurjónsson** heilsugæslulæknir. Fundurinn var vel sóttur og náðist að koma mörgum af sjónarmiðum lækna á framfæri og stjórn málamenn reifuðu sínar hugmyndir. Heilmikil fjölmiðlaumræða hlaut af og viðtöl við lækna. Tók formaður m.a. þátt í sjónvarpsviðtali í Hrafnáþingi á ÍNN ásamt formanni LÍ, Þorbirni Jónssyni og Kristjáni Guðmundssyni framsögumanni á fundinum. Einnig voru fundir með stjórnmálamönnum hinum ýmsa flokka skipulagðir. Ein afurð þessarar samvinnu var heilsíðuauglýsing sem sjá má á fylgiskjali nr.15. Telur stjórn lækna ráðs að með þessari samvinnu náðist að vekja athygli á málefnum Landspítalans og heilbrigðiskerfisins almennt.

Ritað í vorsólinni í maí 2013

Anna Gunnarsdóttir dr. med.

Formaður Lækna ráðs Landspítala

Skýrslur nefnda læknaáráðs starfsárið 2012-2013

Ársskýrsla fræðslunefndar júní 2012 – maí 2013.

Páll E. Ingvarsson, formaður

Örn Þ. Þorvarðarson, ritari.

Fulltrúar fræðslunefndar:

Geðsvið: Lára Björgvinsdóttir, varamaður Halldóra Jónsdóttir;

Kvenna- og barnasvið: Ragnar Bjarnason, varamaður Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir;

Lyflækningasvið: Ásgerður Sverrisdóttir, varamaður Þórunn Jónsdóttir;

Rannsóknarsvið: Reynir Arngrímsson, varamaður Ólöf Sigurðardóttir

Skurðsvið: Kristinn Sigvaldason, varamaður Elsa Valsdóttir

Bráðasvið: Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, varamaður Steinunn GH Jónsdóttir.

Þetta starfsár var fimmta árið sem vikið var frá fyrri hefð að hafa vikulega fræðslufundi, og fjórði veturinn með óbreyttum fundartíma sem virðist henta fundargestum vel, milli klukkan 8 og 9 að morgni annan föstudaginn í hverjum mánuði. Það voru samtals haldnir átta fræðslufundir á starfsárinu: þrjár fyrir áramót; 14/9, 24/10 og 9/11 2012, og fimm á vorönn; 11/1, 8/2, 8/3, 12/4 og 10/5 2013. Þar að auki var haldinn jólafundur læknaáráðs 14/12 2012 kl. 13 - 14.

Aðsóknin hefur verið með ágætum á þessu ári, að meðaltali 82 fundargestir. Sem mest mættu 121 manns, á septemberfundinn sem Óttar Guðmundsson og Halla Fróðadóttir héldu um kynáttunarvanda og kynskiptaaðgerðir, en þá fengu ekki allir sæti! Þetta er annað árið í röð sem við kynnum Nóbelsverðlaunahafa ársins og verk þeirra. Þetta er vonandi orðin hefð, enda hafa afbragðs fyrirlesarar bæði árin fengið mjög góðar undirtektir. Aprílfundurinn var hluti af „viku kynlífs og veikinda á LSH“, þá kom hollendingurinn Wout Gianotten og hélt vel sótt og vinsælt erindi um efnið.

Í ár gátum við, þökk sé veglegum stuðning frá framkvæmdastjóra lækninga, Ólafi Baldurssyni, haft óvenju hátíðlegan jólafund; Einar Kárason rithöfundur kom og sagði okkur frá „Skáld(i) á skarpri skálmöld“. Þétt setinn salur fylgdist af andakt með skemmtilegri og fræðandi frásögn skáldsins af þeim hamförum sem tröllriðu landið á Sturlungaöld, lífi og starfi Sturla Þórðarsonar, ásamt rökstuðningi Einars fyrir kenningu sinni um að Sturla væri höfundur Njálu. Í lok jólafundar voru prófuð þau nýmæli, að frumkvæði Önnu Gunnarsdóttur formanns

Læknaáráðs, að heiðra lækna Landspítalans við starfslok með stuttu ávarpi og að afhenda smá gjöf. Öll viðbrögð voru mjög jákvæð – þetta þótti hátíðlegt, viðeigandi og ánægjulegt – og fræðslunefndin styður heils hugar áform um að þetta verði árleg hefð.

Því miður barst tilkynning frá Heilbrigðis- og Upplýsingatæknisvið (HUT) í upphafi starfsárs að þeir geti ekki lengur haft tæknimann til aðstoðar á fræðslufundum nefndarinnar. Þá varð að fella niður þá þjónustu við fundargesti að fjarvarpa fundum m.a. á LSH í Fossvogi, á Landakot og á Grensásdeild, sem er miður. Þar að auki er ekki lengur þekking til staðar til þess að vista fyrirlestra á heimavef spítalans eins og áður var gert, sem er til mikils ama fyrir þá sem ekki komast á fræðslufundina. Einnig skapaðist oft óvissa og miklir erfiðleikar með að koma í gang búnaði sem virkaði misvel, í eitthvert skipti tókst með neyðarútkalli frá HUT að bjarga máluðum, en fyrirlesarar hafa oft þurft að byrsta röddina vel og tala fyrir vel fylltum sal án hljóðnema. Það var t.d. verulega vandræðalegt að þurfa að láta erlendan fyrirlesara, Wout Gianotten, fylgjast með óreiðunni sem skapaðist þegar okkur með herkjum og mun meiri heppni en við áttum skilið tókst að koma í gang myndvarpanum rúmlega fimm mínútum eftir upphaf fundartíma – í því sem menn kalla besta fyrirlestrarsal háskólasjúkrahússins! Að mati fræðslunefndar verður að bæta úr þessu ófremdarástandi á næsta starfsári.

Flestir fræðslunefndarmenn halda góðri tryggð við nefndina, enda er velgengnin undanfarin ár einkum góðum hugmyndum frá áhugasömum nefndarmönnum og frá öllum þeim kollegum sem koma sínum hugmyndum á framfæri til nefndarmanna að þakka. Fjórir fundir voru haldnir í fræðslunefnd á starfsárinu. Í ár tókst okkur betur en oft áður að fylgja þeim áformum sem voru ákveðin á fundum nefndarinnar, en í þau skipti sem aðstæður breyttust (stundum með stuttum fyrirvara) kom það sér vel að geta tekið ákvarðanir með samráði um netpóst.

Ársskýrsla stöðunefndar læknaáðs Landspítala starfsárið 2012-2013

Í nefndinni áttu sæti:

Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður,

Fulltrúar sviða:

Ágústa Andrésdóttir, rannsóknarsviði,
varam. Guðmundur Sigþórsson,

Einar Örn Einarsson, skurðlækningasviði,
varam. Hildur Tómasdóttir,

Torfi Fjalar Jónasson, lyflækningasviði,
varam. Eyþór H. Björnsson,

Halldóra Jónsdóttir, geðsviði,
varam. Magnús Haraldsson,

*Hulda Hjartardóttir, kvenna- og barnasviði,
varam. Kristján Óskarsson,

Theódór Friðriksson, slysa- og bráðasviði,
varam. Jón M. Kristjánsson.

(*Hulda var í ársleyfi og sinnti Kristján störfum fyrir sviðið á meðan)

Nefndin starfaði á hefðbundinn hátt þetta starfsár, samkvæmt erindisbréfi og þeim reglum og leiðbeiningum sem í gildi eru um feril umsókna og stöðuveitingar á Landspítala.

Hlutverk stöðunefndar læknaáðs er að fjalla um og meta umsóknir um allar auglýstar stöður sérfræðilækna á Landspítala. Til grundvallar umfjöllunar eru lögð viðkomandi stöðuauglýsing og innsend gögn umsækjenda, sem nefndinni berast frá yfirlækni eða framkvæmdastjóra sviðsins. Um hverja stöðuumsókn fjalla tveir nefndarmenn auk formanns. Áskilið er að einn nefndarmanna komi frá því sviði sem auglýst hefur stöðuna. Að lokinni umfjöllun og eftir að hver umsækjandi hefur fengið tækifæri til að sjá þann hluta álitsins sem varðar hann sjálfan, er skriflegt álit matshópsins lagt fyrir stjórn læknaáðs til endanlegrar afgreiðslu.

Á starfsárinu fjallaði nefndin um 23 auglýstar stöður sérfræðilækna í 17 mismunandi greinum lækninga. Samtals bárust 39 umsóknir sem voru ítarlega yfirfarnar og metnar af tilnefndum nefndarmönnum í viðkomandi matshópi. Matsgerðunum var skilað til stjórnar læknaáðs til formlegrar staðfestingar, en þaðan fara þær til viðkomandi sviðs. Þegar þetta er skrifað eru tvær sérfræðistöður til viðbótar til umfjöllunar hjá nefndinni. Á árinu voru einnig auglýstar tvær stöður sérfræðinga sem ekki komu til umfjöllunar þar sem engar umsóknir bárust.

Auglýstar stöður voru talsvert fleiri á þessu starfsári en því síðasta (23 á móti 13). Umsóknir lækna voru sömuleiðis fleiri (2,3 á hverja stöðu) en á síðasta starfsári (1,2 á stöðu). Þetta má vonandi túlka sem merki um vaxandi áhuga sérfræðilækna á störfum við Landspítalann.

Formaður lætur nú af störfum eftir fjögurra ára annasamt en skemmtilegt nefndarstarf. Hann vill þakka núverandi og fyrrverandi nefndarmönnum fyrir samstarfið. Sömuleiðis eiga Örn Þ. Þorvarðarson, skrifstofustjóri læknaáðs, og Anna Gunnarsdóttir, formaður læknaáðs, þakkir skildar fyrir afbragðsgott samstarf.

Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður.

Valnefnd læknaáðs

Valnefnd læknaáðs LSH tók aftur til starfa í mars sl eftir hlé frá 2011. Hlutverk hennar er skilgreint í erindisbréfi sem samþykkt var í stjórn læknaáðs LSH í janúar 2011. Fulltrúar frá öllum sviðum LSH auk formanns tóku þátt störfum nefndarinnar. Haldnir voru 3 fundir þar sem framboð til embætta læknaáðs og framboð fulltrúa í fastar nefndir voru rædd. Fulltrúar sviðanna tóku ábyrgð á að fá framboð í nefndirnar af hverju sviði. Töluverð endurnýjun er fyrirsjáanleg í nefndum læknaáðs á komandi aðalfundi 17.maí 2013. Almennt gekk nokkuð vel að fá lækna til að bjóða sig fram. Nefndin vill þakka þeim sem til var leitað fyrir góðar undirtektir.

Gylfi Óskarsson, formaður valnefndar læknaáðs LSH

Árskýrslur frá nefndum skipaðar af framkvæmdastjórn með fulltrúa læknaáðs LSH

Lyfjanefnd LSH

Greinargerð um starfsemi lyfjanefndar árið 2012

6. maí 2013

Lyfjanefnd Landspítala var fimm manna, auk jafnmargra varamanna, og var skipuð til fjögurra ára í senn. Einar Stefán Björnsson er formaður lyfjanefndar. Óskar Einarsson er skipaður af framkvæmdastjóra lækninga, Gyða Baldursdóttir af framkvæmdastjóra hjúkrunar og er Hlíf Steingrimsdóttir fulltrúi læknaáðs. Auk þess sátu yfirlýfjafræðingur, Inga J. Arnardóttir og yfirlæknir deildar lyfjamála Sigurður B. Þorsteinsson í nefndinni. Rannveig Einarisdóttir var starfsmaður nefndarinnar. Nefndin fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði og eru helstu mál sem fjallað var um á síðasta starfsári reifuð hér að neðan.

Lyfjastefna spítalans var endurskoðuð á árinu og fór töluverður tími nefndarinnar í þá endurskoðun.

Atvikaskráning lyfjaatvika var skoðuð sérstaklega og farið var yfir skýrslu um lyfjaatvik á spítalanum. Lyfjaatvik á þessu tímabili flokkuðust í röng lyfjafyrirmæli, vitlaust útfylltir lyfseðlar, röng/ófullnægjandi skráning, ófullnægjandi lyfjafyrirmæli og ófullnægjanleg skráning lyfjagjafa.

Einn almennur lyfjadagur var haldinn sem bar yfirskriftina „Í upphafi skal endinn skoða“. Fjallað var um efnið m.a. út frá öldrunarlækningum, krabbameinslækningum og meltingarlækningum.

Mikið var rætt um S merkt lyf og áætlanir um útgjöld til þess málaflokks. Verið er að breyta verulega greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í lyfjakostnaði og stendur til að fella niður S merkinguna en í stað þess á að ákveða hvaða lyf eigi að vera leyfis skyld. Þessar fyrirhuguðu breytingar voru töluvert til umræðu í lyfjanefnd á árinu 2012.

Miklar umræður voru um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi lyfjamála innan LSH sem tóku gildi í janúar 2013. Deild lyfjamála var lögð niður og skipan og verkefni Lyfjanefndar var breytt verulega. Lyfjanefndin er áfram ráðgefandi um stefnu LSH í lyfjamálum t.d. hvaða lyf eru á lyfjalista, rafrænni umsýslu lyfja í sjúkraskrá og öryggisbirgðir lyfja á LSH, svo eitthvað sé nefnt. Formaður nefndarinnar ber nú ábyrð á leyfisveitingum leyfis skyldra lyfja og ferlinu í heild og tilheyrir nú Lyfjanefnd Lyflækningasviði.

Varðandi ítarlegri upplýsingar um þau fjölmörgu mál sem rædd voru á fundum lyfjanefndar á árinu vísast í fundargerðir sem eru aðgengilegar á heimasíðu Landspítala.

Virðingarfyllt

Hlíf Steingrimsdóttir, læknir

Fulltrúi læknaáðs LSH í lyfjanefnd.

Siðanefnd LSH

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri.

Ný nefnd var skipuð í október 2012 og eru meðlimir eftirfarandi:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal læknir, tilnefnd af læknaáði
- Inga Sigurrós Þráinsdóttir læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Rúnar Þór Jónsson lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands
-Pétur Luðvigsson læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Forstöðumaður nefndarinnar er Jónína Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur. Alls voru haldnir 17 fundir á árinu og var fjöldi erinda 205. Fyrirspurnir voru 125 og nýjar umsóknir 54 en árið áður voru þær heldur fleiri eða 64. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 23 og 13 meistara og doktorsverkefni. Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðnefndar í febrúar þar sem umfjöllunarefnið var lög um vísindarannsóknir. Unnið er að breyttum verklagsreglum nefndarinnar.

Virðingarfyllt

Sigrún Reykdal

Siðfræði og nefnd í siðfræðinefnd

Störf Siðfræði nefndar LSH 2012

Megin verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur um siðfræðileg málefni innan Landspítala og er ætlað taka þátt í að móta stefnu og starfsaðferðir sjúkrahússins í siðfræðilegum álitamálum.

Siðfræðinefnd er skipuð sjö mönnum þar af á læknaáð einn fulltrúa. Forstjóri skipar formann, sem er Jón Eyjólfur Jónsson, yfirlæknir. Nefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði en hún er skipuð til tveggja ára í senn. Það voru margvísleg erindi sem bárust sem nefndinni fjallaði um á fundum sínum á árinu 2012 og veitti m.a. umsagnir og leiðbeiningar: Verkefni m.a. voru:

- Umsögn um siðareglur og mannauðsstefnu Landspítala.
- Umræða um forgangsroðun, réttindi sjúklinga, trúnað og ýmiss önnur siðfræðileg álitamál innan spítalans.
- Umræða um viðhorf og álag á starfsfólk Landspítala.
- Rætt um eftirlitsmyndavélar, kosti og galla slíkrar tækni.
- Málstofa Siðfræðinefndar LSH var haldin í Hringsal LSH 19.11.2012. Fundarstjóri var Jón Snædal yfirlæknir. Efni fundarins voru þrjú tilbúin tilfelli: 1.Trúnaður 2. Kynþáttamismunun 3.Ofbeldi. Í pallborði, voru: Helga Kristín Þórarinsdóttir, læknir og siðfræðingur, Rósa Kristjánsdóttir, djákni, Dögg Harðardóttir, hjúkrunarfræðingur og Anna Rós Jóhannesdóttir, yfirfélagsráðgjafi

Reykjavík 29.04.13/Halldór Kolbeinsson fulltrúi læknaáðs

Vísindaráð Landspítala háskólasjúkrahúss

Skýrsla formanns Vísindaráðs Landspítala fyrir árið 2012

Vísindaráð Landspítala var síðast skipað 1. jan 2010.

Vísindaráð skipa:

Gísli H. Sigurðsson læknir (formaður), skipaður af læknaáráði

Rósa Björk Barkardóttir yfirmáttúrufræðingur (varaformaður), skipaður af forstjóra

Sigríður Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur, skipaður af hjúkrunarráði

(Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur tók við af Sigríði 1.1.2012)

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur, skipaður af hjúkrunarfræðideild HÍ

Gunnar Guðmundsson læknir, skipaður af læknaeild HÍ

Halldór Jónsson jr. læknir, skipaður af læknaeild HÍ

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, skipaður af forstjóra

(Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur leysti Jón af sinni hluta árs 2012)

Varamenn:

Magnús Gottfreðsson læknir skipaður af læknaáráði

Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur, skipaður af forstjóra

Páll Biering hjúkrunarfræðingur, skipaður af hjúkrunarráði

(Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur tók við af Páli Biering 2012)

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, skipaður af hjúkrunarfræðideild HÍ

Hannes Petersen læknir, skipaður af læknaeild HÍ

Einar Stefán Björnsson læknir, skipaður af læknaeild HÍ

Inga Þórsdóttir næringarfræðingur og hjúkrunarfræðingur, skipaður af forstjóra

Verkefnastjóri Vísindaráðs: Sigríður Sigurðardóttir vísinda- og þróunarsviði

Í erindisbréfi vísindaráðs Landspítala stendur m.a. að Vísindaráð sé stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Hlutverki ráðsins eru gerð nánari skil í erindisbréfi sem er á vefsíðu LSH.

Ráðið heldur reglulega fundi einu sinni í viku, nema þegar verið er að fara yfir umsóknir um styrki úr Vísindasjóði, að þeim fjölgar í 2-3.

Helstu verkefni vísindaráðs á árinu 2012 voru

(1) mat á umsóknum um styrki úr vísindasjóði Landspítala. Alls bárust 156 umsóknir til ráðsins

(2) undirbúningur vísindadaga, Vísindi á vordögum

(3) endurskoðun á upplýsingum og ferli umsókna um styrki úr vísindasjóði

(4) umsýsla og mat á umsóknum um Hvatningarstyrki úr Vísindasjóði haustið 2012

(4) umsýsla og mat á umsóknum um nýja styrki til ungra vísindamanna úr Vísindasjóði haustið 2012

(5) hafin var endurskoðun á vísindastefnu Landspítala

Styrkir úr Vísindasjóði vorið 2012: Um styrki sóttu 131, samtals um 152 milljónir. Til úthlutunar voru 50 milljónir króna. Styrk fengu 104, samtals rúmlega 400 meðumsækjendur frá rúmlega 20 starfstéttum.

Hvatningarstyrkir: Haustið 2012 auglýsti Vísindaráð þrjá 5 milljóna kr. styrki úr Vísindasjóði, svokallaða hvatningarstyrki. Tilgangur þeirra var að styrkja rannsóknir sterkra rannsóknahópa á Landspítala sem þegar hefðu öðlast alþjóðlega viðurkenningu, meðal annars með birtingu vísindagreina í alþjóðlegum vísindaritum og öflunar stórra styrkja. Alls bárust 11 umsóknir frá sterkum rannsóknahópum, en veittir voru þrír styrkir sem afhentir voru 3. Desember. Styrkþegar voru:

Dr. Davíð O. Arnar yfirlæknir og klínískur prófessor, hjartadeild, lyflækningasviði Landspítala
Gáttatíf; forspárþættir framrásar, afleiðingar og erfðabreytileikar

Dr. Jón Friðrik Sigurðsson yfirsálfræðingur og prófessor, geðsviði Landspítala
Virkir þættir meðferðar í ósérhæfðri hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi

Dr. Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur og prófessor, blóðmeinafræðideild, rannsóknasvið
Stofnfrumur í þekjuvef brjóstkirtils og hlutverk þeirra í greinótttri formmyndun og bandvefsumbreytingu

Styrkir til klínískra rannsókna ungra vísindamanna: Í desember 2012 voru í annað sinn veittir úr Vísindasjóði styrkir til klínískra rannsókna ungra vísindamanna á Landspítala. Við matsvinnu var áhersla lögð á vísindalegt gildi verkefnis og framlags unga vísindamannsins, gæði umsóknar, svo og árangur og fyrri virkni unga starfsmannsins í vísindum. Eftirfarandi fengu styrk:

Anna Bryndís Einarsdóttir læknir, taugalækningadeild, lyflækningasvið (Meðumsækjandi: Elías Ólafsson yfirlæknir og prófessor)
Rannsókn: *Óútskýrður skyndidauði hjá flogaveikum*

Guðrún Dóra Bjarnadóttir læknir og doktorsnemi, sérhæfð endurhæfing Kleppi, geðsvið (Meðumsækjandi: Magnús

Haraldsson geðlæknir og dósent)

Rannsókn: *Notkun methýlfenidats í æð meðal íslenskra vímuefnaneytenda*

Dr. Paolo Gargiulo verkfræðingur, Tækniþróun Landspítala, VMN (Meðumsækjandi: Halldór Jónsson jr. yfirlæknir og prófessor)

Rannsókn: *Áhættugreining á lærbeinsbroti við og eftir heildarmjadmariðaskipti*

Sigríður Birna Elíasdóttir læknir, lyflækningasvið (Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson sérfræðilæknir og dósent)

Rannsókn: *Undirliggjandi ástæður háþrýstings og merki um markliffæraskekkir hjá 9 ára gömlum íslenskum börnum*

Sigurður James Þorleifsson læknir, slysa- og bráðasvið (Meðumsækjandi: Gunnar Guðmundsson aðstoðaryfirlæknir og dósent)

Rannsókn: *Lungnatrefjun á Íslandi*

Dr. Una Bjarnadóttir lífefnafræðingur, ónæmisfræðideild, rannsóknarsvið (Meðumsækjandi: Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir og prófessor)

Rannsókn: *Hlutverk ósérhæfða ónæmiskerfisins og Bláa Lóns efna á sérhæfingu T-frumna*

Dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, rannsóknarstofa í bráðafræðum, bráðasvið (Meðumsækjandi: Brynjólfur Mogensen yfirlæknir og dósent)

Rannsókn: *Áhrif efnahagshrunsins á Íslandi á dánartíðni, sjúkdómstíðni og sjálfsskaða*

Össur Ingi Emilsson læknir og doktorsnemi, lungnadeild, lyflækningasvið (Meðumsækjandi: Þórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor)

Rannsókn: *Tengsl vélindabakflæðis að nóttu við öndunarferasjúkdóma og kæfisvefn*

Vísindi á vordögum voru að þessu sinni haldin 25. Apríl 2012.

Aðalfyrirlesari að þessu sinni var Þorvarður Jón Löve læknir og fyrirlestur hans var „Leitargrunnar – Frá rafrænni sjúkraskrá til vísindarannsóknna“.

Heiðursvísindamaður ársins að þessu sinni var Inga Þórsdóttir.

Ungur vísindamaður ársins var Sævar Inghórssón náttúrufræðingur og doktorsnemi og héldu þau bæði erindi.

Veggspjaldasýning var haldin í K-byggingu. Hún var opnuð 25. apríl og stóð í viku. Þar kynntu vísindamenn á Landspítala verkefni sín og alls voru sýnd 130 veggspjöld.

Það er mat Vísindaráðsmanna að umsóknir í Vísindasjóð verði vandaðri með hverju árinu og verkefnin sem sótt var um fjárstyrk fyrir almennt mjög metnaðarfull. Forgangsröðun var erfið og takmarkað fjármagn í höndum til úthlutunar.

Vísindaráð vill vekja athygli á áhuga og velvild stjórnar Landspítala á vísindarannsóknnum sem hefur lýst sér m.a. í auknum fjárframlögum til Vísindasjóðs á undanförunum þremur árum.

Á öðrum degi sumars 2013

Gísli H Sigurðsson

Prófessor og yfirlæknir

Formaður Vísindaráðs

Svæfinga- og gjörgæsludeild

Landspítali háskólasjúkrahús, Hringbraut

IS 101 Reykjavík

Ísland



Hr. Ólafur Baldursson
framkvæmdastjóri lækninga
Landspítala háskólasjúkrahúsi

Ársskýrsla Eftirlitsnefndar með notkun rafrænnar sjúkraskrár

Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá tók nokkrum breytingum á árinu; Jóhann Bjarni Magnússon gæðastjóri hjá heilbrigðis- og upplýsingatæknideild tók sæti Kjartans Kjartanssonar og Halldóra Jónsdóttir læknir tók sæti Halldóru Ólafsdóttur sem fulltrúi læknaáðs. Aðrir í nefndinni eru Niels Chr. Nielsen læknir, formaður og Þorgerður Gunnarsdóttir, tilnefnd af hjúkrunarráði.

Nefndin hefur starfað samkvæmt erindisbréfi frá árinu 2010. Farið var yfir slembiúrtak fjögurra starfsgreina; ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga á Grensási, geislafræðinga, presta og djákna. Einnig var skoðuð notkun Ljórans hjá fagfólki, sem ekki starfar á LSH en hefur aðgang að sjúkraskrá spítalans. Engar athugasemdir voru gerðar á grundvelli þessarar skoðunar.

Skoðaðar voru uppflettingar í sjúkraskrá fimm þekktra einstaklinga, en upplýsingar um dvöl þeirra á LSH birtust í dagblöðum. Engar athugasemdir voru gerðar.

Fimm beiðnir bárust frá yfirmönnum, þar sem grunur lék á misferli starfsmanna. Í tveimur tilfellum vaknaði grunur um óeðlilega uppflettingu og var viðkomandi yfirmönnum send málín til skoðunar. Við athugun kom í ljós að um eðlilega notkun sjúkraskrár var að ræða.

Fimmtíu og sex sjúklingar óskuðu eftir lista yfir þá, sem opnað höfðu sjúkraskrá þeirra. Nokkrir sjúklinganna óskuðu eftir nánari skýringum, sem þá voru fúslega veittar. Ekki vaknaði grunur um misferli.

Upplýsingar um þrjú tilvik hafa borist formanni nefndarinnar, þar sem sjúklingar, sem leitað höfðu á bráðamóttöku spítalans, höfðu gefið upp ranga kennitölu, þ.e. kennitölu annars einstaklings. Leita þarf leiða til þess að koma í veg fyrir slíkt í framtíðinni.

Reykjavík, 19. apríl 2013

Fyrir hönd nefndarinnar,

Niels Chr. Nielsen, formaður

Afrit: Sigrún Jóhannesdóttir forstjóri Persónuverndar

Skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga
Fossvogi, 108 Reykjavík. Sími 543-1119. Fax 543 2244. Netfang: nielsn@landspitali.is

STARFSREGLUR LÆKNARÁÐS LANDSPÍTALA

I. kafli Skipan og hlutverk

1. grein. Skipan læknaráðs

Við Landspítala skal starfa læknaráð í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Í læknaráðinu eiga sæti allir þeir lækna sjúkrahússins sem ráðnir hafa verið til starfa til eins árs eða lengur. Rétt til fundasetu með tillögurétti, en án atkvæðisréttar, eiga aðrir lækna Landspítalans. Formaður læknaráðs sker úr, leiki vafi á um rétt til fundarsetu eða um tillögu- og atkvæðisrétt.

2. grein. Hlutverk læknaráðs

Læknaráð skal vera stjórnendum Landspítalans til ráðuneytis um læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, enda ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits læknaráðs á því sem varðar læknisþjónustu sbr. 13. gr. laga nr. 40/2007. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis í málum er varða stefnumótun sjúkrahússins, þróun og skipulag, stjórnun og rekstur, samstarf og samhæfingu starfskrafta, þjónustu við sjúklinga, menntun lækna, læknanema og annars starfslíðs og vísindastarf.

3. grein. Starfshættir læknaráðs.

Læknaráði og nefndum þess ber að stuðla að gæðum læknisþjónustu á Landspítala þannig að lækningar séu á hverjum tíma í samræmi við lög, þekkingu, viðurkennda reynslu og gæðastaðla. Á sama hátt skal læknaráð stuðla að gæðum og eflingu vísindarannsókna og menntunar lækna, læknanema og annarra heilbrigðisstétta.

Læknaráð getur hvenær sem er tekið mál til umræðu og meðferðar að eigin frumkvæði auk þeirra mála sem stjórnendur spítalans eða heilbrigðismála leggja fyrir ráðið. Við val og framkvæmd verkefna á vegum ráðsins ber að gæta hagkvæmni og halda kostnaði í samræmi við fjárheimildir.

II. kafli Stjórn læknaráðs

4. grein. Skipan

Í stjórn læknaráðs skulu eiga sæti formaður, varaformaður, einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans auk eins deildarlæknis.

5. grein. Kosning

Stjórn læknaráðs skal kosin á aðalfundi. Hún skal kosin til tveggja ára. Endurkjósa má í sama stjórnarstarf einu sinni. Stjórnarmenn velja einn úr sínum hópi til að gegna embætti ritara læknaráðs. Varamenn í stjórn skulu kosnir með sama hætti, einn fyrir hvern stjórnarmann en þó ekki fyrir formann og varaformann. Varamönnum er ætlað að taka sæti stjórnarmanna vegna forfalla, afsagnar eða starfsloka við spítalann. Stjórnin getur tilnefnt nýja varamenn ef nauðsyn krefur. Fulltrúi deildarlækna og varamaður hans skulu kjörnir úr hópi þeirra deildarlækna sem ráðnir eru til eins árs eða til lengri tíma.

6. grein. Hlutverk stjórnar læknaráðs

Stjórn læknaráðs:

- Fer með umboð læknaráðs og framfylgir hlutverki þess.
- Er málsvari lækna spítalans og sjúklinga þeirra út á við og inn á við í öllum læknisfræðilegum eignum.
- Skal taka afstöðu til þeirra mála sem beint er til hennar frá stjórnendum spítalans eða meðlimum læknaráðs.
- Skal fylgjast með læknaþörf Landspítalans og starfsskilyrðum lækna.

- Fylgist með að mið sé tekið af stefnumótun Landspítalans við ráðningar lækna sem og aðar ákvarðanir um stjórn og rekstur spítalans.
- Skal láta í té umsögn um hæfi umsækjenda um stöður sérfræðilækna og eftir atvikum stjórnunarstöður sem snerta lækniþjónustu, að fengnu áliti stöðunefndar lækna ráðs.

7. grein. Fundir stjórnar lækna ráðs

Stjórn lækna ráðs heldur að jafnaði fundi á tveggja vikna fresti, en oftast ef þörf krefur. Formaður boðar til funda stjórnar og stýrir þeim. Stjórnarfundir eru ályktunarhæfir ef helmingur stjórnarmanna eða fleiri sitja fundinn. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður við atkvæðagreiðslur og falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar lækna ráðs úrslitum. Stjórn lækna ráðs getur kallað á sinn fund lækna eða aðra sem búa yfir viðeigandi sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um hverju sinni. Samþykktar fundargerðir stjórnar lækna ráðs skulu birtar á vefsíðu lækna ráðs.

III. kafli Nefndir lækna ráðs

8. grein. Skipan nefnda

Á vegum lækna ráðs starfa þrjár fastanefndir: Fræðslunefnd, stöðunefnd og valnefnd. Í hverri nefnd sitja formaður og einn fulltrúi frá hverju klínísku sviði spítalans. Stjórn lækna ráðs getur skipað aðrar nefndir eða starfshópa til að fjalla um einstök mál.

Stjórn lækna ráðs skipar fulltrúa ráðsins í nefndir sem a.ö.l. eru skipaðar af framkvæmdastjórn, svo sem: atvikanefnd, lyfjanefnd, siðanefnd, siðfræðinefnd og Vísindaráð.

9. grein. Kosning fastanefnda

Fulltrúar í nefndum lækna ráðs og varamenn þeirra skulu kosnir á aðalfundi lækna ráðs og til tveggja ára í senn. Formenn nefnda skal kjósa sérstakri kosningu en aðra nefndarmenn síðan. Endurkjósa má til sama starfs einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok við spítalann skal stjórn lækna ráðs skipa varamenn í þeirra stað.

10. grein. Störf nefnda

Hverri nefnd eru settar starfsreglur, sem samþykktar eru af stjórn lækna ráðs. Formenn nefnda skulu boða fundi þeirra og stýra fundum en að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum. Allar nefndir á vegum lækna ráðs starfa í umboði stjórnar ráðsins og getur hún skotið til nefnda þeim málum, sem henni þykir henta hverju sinni. Nefndir skulu skrá fundargerðir og gefa stjórn lækna ráðs skýrslu um störf sín minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Formenn nefnda skulu að jafnaði boðaðir á fund stjórnar lækna ráðs árlega til að gera grein fyrir störfum nefndanna.

IV. kafli Aðalfundur lækna ráðs

11. grein. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í apríl- eða maímánuði ár hvert. Til hans skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Hann er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Kynna skal fyrirhugaðaðar kosningar með fundarboði aðalfundar. Valnefnd skal skila til stjórnar lækna ráðs a.m.k. einni tilnefningu í hvert sæti stjórnar og fastanefnda, bæði aðalmanna og varamanna, eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundardag. Kynna skal með skriflegri eða rafrænni auglýsingu hverjir hafa gefið kost á sér. Meðlimum lækna ráðs er einnig heimilt að tilnefna eða bjóða sig fram til stjórnarsetu og skulu framboð hafa borist eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund.

12. grein. Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrslur nefnda.
3. Breytingar á starfsreglum.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning nefnda.
6. Önnur mál.

Allar kosningar skulu vera skriflegar, sé þess óskað og eru þeir rétt kjörnir sem fá flest atkvæði. Falli atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Formaður og varaformaður læknaáðs skulu ekki sitja í stjórn Læknafélags Íslands eða Læknafélags Reykjavíkur.

V. kafli Fundir læknaáðs

13. grein. Almennir læknaáðsfundir

Læknaáð heldur almenna fundi að jafnaði annan hvern mánuð á ákveðnum stað og tíma. Fundi skal þó eigi halda, nema sérstaklega sé brýnt, á tímabilinu 15. júní til 15. september. Aukafundi skal halda þegar nauðsyn krefur, svo og ef 50 lækna, sem í ráðinu eiga sæti, óska þess eða fjórir stjórnarmenn.

Almenna læknaáðsfundi skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Almennir fundir læknaáðs eru fyrir meðlimi þess eingöngu. Stjórn læknaáðs getur þó ákveðið að hafa almenna fundi opna. Forstjóra Landspítala skal að jafnaði boðið að sitja almenna fundi læknaáðs. Við afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti atkvæða og er samþykkt lögmaet, sé löglega til fundarins boðað.

Vantraust á stjórn læknaáðs skal taka til umræðu ef 50 lækna, sem í ráðinu eiga sæti, óska þess eða fjórir stjórnarmenn. Vantrauststillögu skal leggja fram skriflega og senda út með fundarboði. Ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja vantraust, skal kjósa stjórn til bráðabirgða á fundinum og skal hún boða til aðalfundar svo skjótt sem auðið verður.

VI. kafli Breytingar á starfsreglum

14. grein. Breytingar á starfsreglum

Stjórn læknaáðs eða einstakir meðlimir ráðsins geta gert tillögur til breytinga á starfsreglum. Allar slíkar tillögur skulu vera með skriflegum hætti og hafa borist stjórn læknaáðs eigi síður en einni viku fyrir aðalfund. Hafi þær borist fyrir boðun aðalfundar ber stjórn ráðsins að senda þær út með aðalfundarboði. Tillögur til breytinga á starfsreglum skulu ræddar og bornar undir atkvæði á aðalfundi. Til samþykktar þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í fyrsta sinn skal kjósa í valnefnd á almennum læknaáðsfundi haustið 2010. Stjórn læknaáðs ber ábyrgð á því að kosningu sé lokið fyrir 1. janúar 2011.
2. Fyrsta stjórn læknaáðs samkvæmt hinum nýju starfsreglum skal kosin á aðalfundi læknaáðs vorið 2011.

Starfsreglur þessar taka gildi á aðalfundi læknaáðs Landspítala í maí 2010

Landspítala, 21. maí 2010

UN bókhald ehf

Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfirði

Sími 568-5730 - fax 568-5733

Starfs- og gjafasjóður Læknaráðs L.S.H.

Rekstarreikningur
frá 21. apríl 2012 til 22. apríl 2013

og

Efnahagsreikningur
hinn 22. apríl 2013

Starfs- og gjafasjóður
Læknaráðs L.S.H.
Kt. 520701-2490

UN bókhald ehf

Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfirði

Sími 568-5730 - fax 568-5733

UNDIRRITUN ÓHÁÐRA SKOÐUNARMANNA

Eftirfarandi uppgjör fyrir **Starfs- og gjafasjóð Læknaráðs L.S.H.** fyrir tímabilið 21 apríl 2012 til 22. apríl 2013 er samið samkvæmt niðurstöðum bókhalds sjóðsins, sem fært var af okkur og upplýsingum stjórnanda sjóðsins.

Bankareikningar eru afstemmdir og réttir.

Að öðru leyti en að framan greinir hefur endurskoðun af okkar hálfu ekki verið framkæmd.

Hafnarfirði 26. apríl 2013,

f.h. UN bókhalds ehf.



Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir
Viðurkenndur bókari

Rekstrarreikningur tímabilið 21.4.2012 - 22.4.2013

	Skýr.	2013	2012
Framlög félagsmanna			
Framlög		309.500	427.500
Vaxtatekjur		23.500	41.298
		333.000	468.798
Ráðstöfun			
Gjafir vegna tillidaga		337.455	354.489
Kostnaður vegna jarðarfara		(0)	180.000
Bókhalds og uppgjörskostnaður		42.921	32.944
Bankakostnaður		51.113	48.913
Fjármagnstekjuskattur		4.681	8.254
		436.170	624.600
Ráðstöfun unfram framlög tímabilsins		(103.170)	(155.802)

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2013	2012
Bankareikningar			
0513-26-016880 Íslandsbanki hf		25.814	10.968
0513-04-250282 Íslandsbanki hf		1.537.617	1.583.588
0513-14-402821 Íslandsbanki hf		488.027	560.072
		<u>2.051.458</u>	<u>2.154.628</u>
Eignir		<u>2.051.458</u>	<u>2.154.628</u>

Hinn 22. apríl 2013

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2013	2012
Eigið fé			
Yfirfært frá fyrra ári		2.154.628	2.310.430
Óráðstafað eigið fé		(103.170)	(155.802)
Eigið fé		<u>2.051.458</u>	<u>2.154.628</u>
Skuldir		<u>0</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.051.458</u>	<u>2.154.628</u>

Erindisbréf

valnefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk valnefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk valnefndar lækna ráðs er að tryggja að fyrir hverjar kosningar liggi fyrir að minnsta kosti eitt framboð til allra embætta í stjórn og nefndum lækna ráðs. Kosningar í stjórn og nefndir lækna ráðs fara að jafnaði fram á aðalfundi ráðsins í apríl- eða maímánuði annað hvert ár.

Skipan valnefndar lækna ráðs Landspítala

Í valnefnd sitja formaður og einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans, auk varamanns fyrir hvert svið. Formaður valnefndar skal kosinn sérstaklega á aðalfundi lækna ráðs Landspítala og þar á eftir skal kosning aðal- og varamanna sviðanna fara fram. Formaður og allir fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Endurkjósa má til sama embættis í valnefnd einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok skal stjórn lækna ráðs skipa varamenn í þeirra stað.

Verklýsing starfs valnefndar

Valnefnd starfar í umboði stjórnar lækna ráðs. Formaður valnefndar stjórnar starfi nefndarinnar, boðar fundi og stýrir þeim.

Valnefnd tryggir að framboð til eftirfarandi embætta lækna ráðs liggi fyrir að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund lækna ráðs:

- **Stjórn lækna ráðs:** Framboð til formanns lækna ráðs. Framboð til varaformanns lækna ráðs. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans til setu sem aðalmaður í stjórn lækna ráðs. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til varamanns í stjórn. Valnefnd skal einnig tryggja að fyrir liggi tilnefning deildarlæknis til setu í stjórn lækna ráðs.
- **Fræðslunefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í fræðslunefnd. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til embættis varamanns í fræðslunefnd.
- **Stöðunefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í stöðunefnd. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til embættis varamanns í stöðunefnd.
- **Valnefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í valnefnd. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til embættis varamanns í valnefnd.

Valnefnd lækna ráðs kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, til þess að tryggja að öll framboð liggi fyrir á tilsettum tíma.

Stjórn lækna ráðs auglýsir með skriflegum og/eða rafrænum hætti hverjir hafa gefið kost á sér til embætta á vegum lækna ráðs.

Formaður valnefndar gengur á fund stjórnar lækna ráðs á vormisseri þau ár sem nefndin starfar og ræðir störf valnefndarinnar. Valnefndin skal halda fundargerð og gefa stjórn lækna ráðs skriflega skýrslu um störf sín að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund lækna ráðs.

Samþykkt á stjórnarfundum lækna ráðs Landspítala þann 12. janúar 2011.

Þorbjörn Jónsson,

formaður lækna ráðs Landspítala

Erindisbréf

fræðslunefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk fræðslunefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk fræðslunefndar er að:

- Skipuleggja, stjórna og auglýsa fræðslufundi á vegum lækna ráðs Landspítalans.
- Beita sér fyrir því að finna efni og fá innlenda og erlenda fyrirlesara í samvinnu við deildir spítalans eða aðila utan hans.
- Sjá til þess að haldin sé gerðabók um fræðslufundina, þar sem skráð eru fundarefni, nöfn fyrirlesara og fundarsókn.
- Taka til afgreiðslu skyld mál og málaflokka, sem lækna ráð eða stjórn þess fela henni.

Skipan fræðslunefndar lækna ráðs Landspítala

Í fræðslunefnd sitja formaður og einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans, auk varamanns fyrir hvert svið. Formaður fræðslunefndar skal kosinn sérstaklega á aðalfundi lækna ráðs Landspítala og þar á eftir skal kosning aðal- og varamanna sviðanna fara fram. Formaður og allir fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Endurkjósa má til sama embættis í fræðslunefnd einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok skal stjórn lækna ráðs skipa varamenn í þeirra stað.

Verklýsing starfs fræðslunefndar

Fræðslunefnd starfar í umboði stjórnar lækna ráðs. Stjórn lækna ráðs getur skotið viðeigandi málum til fræðslunefndarinnar þegar þurfa þykir. Formaður fræðslunefndar stjórnar starfi nefndarinnar, boðar fundi og stýrir þeim. Fræðslunefndin kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, til þess að tryggja að haldinn verði nægilegur fjöldi fræðslufunda á tilsettum tíma. Fræðslunefndin skal halda fundargerðabók um fundi og störf nefndarinnar.

Formaður fræðslunefndar gengur á fund stjórnar lækna ráðs einu sinni á ári og ræðir störf nefndarinnar. Fræðslunefndin skal gefur stjórn lækna ráðs skriflega skýrslu um störf sín að vori ár hvert, að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund lækna ráðs.

Samþykkt á stjórnarfundi lækna ráðs Landspítala þann 12. janúar 2011.

Þorbjörn Jónsson

formaður lækna ráðs Landspítala



Erindisbréf stöðunefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk stöðunefndar læknaáðs LSH

Stöðunefnd læknaáðs Landspítala skal fjalla um og meta umsækjendur, þegar ráðið er í störf sérfræðilækna við Landspítala. Stöðunefnd lækna, sem kveðið er á um í 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu (lög nr. 40/2007), mun meta faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga, yfirlækna og annarra stjórnenda lækninga á spítalanum og fer um það samkvæmt nefndum lögum. Framkvæmdastjóri lækninga og stjórn læknaáðs geta þó einnig farið fram á að stöðunefnd læknaáðs LSH fjalli um slíkar umsóknir eftir því sem þurfa þykir og einnig aðrar umsóknir um störf lækna og læknanema á LSH.

Skipan stöðunefndar læknaáðs LSH

Formaður stöðunefndar skal kosinn á aðalfundi læknaáðs LSH til tveggja ára í senn. Auk formanns skulu í stöðunefnd eiga sæti lækna með sérfræðimenntun frá hverju sviði Landspítala. Skal hvert svið, að beiðni formanns læknaáðs, tilnefna einn slíkan í stöðunefnd ásamt varamanni. Skal framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs sjá um að lýðræðislegt val meðal lækna sviðsins fari fram og komi með tilnefningu um aðalfulltrúa og varafulltrúa í stöðunefnd innan tveggja vikna frá því að beiðni formanns læknaáðs um tilnefningu kemur fram. Formaður stöðunefndar tilnefnir einn af fulltrúum í stöðunefnd sem varaformann. Skulu lækna stöðunefndar kosnir/tilnefndir til tveggja ára í senn. Hið sama gildir um varamenn.

Verklýsing starfs stöðunefndar

Starfslýsing í stöðuauglýsingu er grundvöllur umfjöllunar stöðunefndar um einstaka umsækjendur. Við umfjöllun sína um umsóknir skal stöðunefnd leggja til grundvallar menntun og starfsferil umsækjenda, vísinda- og kennslustörf, starfsaldur, samstarfshæfni og reglusemi í starfi eftir því sem unnt er, svo og stjórnunarstörf. Stöðunefnd byggir mat sitt á innsendum gögnum umsækjenda og tekur hún ekki við viðbótargögnum frá umsækjendum eftir að umsóknarfrestur um störf rennur út samkvæmt auglýsingu. Stöðunefnd skal ætíð vera mjög á varðbergi að gæta jafnræðis milli allra umsækjenda um auglýst starf. Í ákvörðunum sínum og umsögnum skal nefndin gæta hlutleysis og hafa einkum að leiðarljósi að ekki sé gengið á hlut einhvers umsækjanda.

Um hverja umsókn skulu fjalla tveir lækna stöðunefndar auk formanns. Einn stöðunefndarmanna skal, eftir því sem unnt er, vera af því sviði sem sótt er um starf á. Við veitingu skemmi staðgengilsstarfa en til eins árs, þarf ekki nauðsynlega að leita álits stöðunefndar eða stjórnar læknaáðs.

Við mat á hæfni umsækjenda til að gegna auglýstum störfum skal stöðunefnd miða við “Reglur og leiðbeiningar fyrir stöðunefnd læknaáðs um stöðuveitingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi” sem samþykktar voru á aðalfundi læknaáðs LSH vorið 2004. Þessar reglur og leiðbeiningar eru aðgengilegar á heimasíðu LSH.


Að lokinni umfjöllun sinni, skal stöðunefnd gefa umsækjendum kost á að sjá umsögn nefndarinnar sem varðar þá sjálfa og gera athugasemdir við það. Að því loknu skal stöðunefnd leggja umsögn sína fyrir stjórn læknaáðs til endanlegrar afgreiðslu.

Stöðunefnd kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, samkvæmt ofanskráðu en getur unnið nauðsynlega samstarfsvinnu með rafrænum hætti eftir því sem þurfa þykir.

Formaður sendir stjórn lækna ráðs yfirlit um störf nefndarinnar á liðnu starfsári eigi síðar en viku fyrir auglýstan aðalfund lækna ráðs LSH.


Landspítala, 14. mars 2012

F.h. stjórnar lækna ráðs LSH



Anna Gunnarsdóttir,
formaður lækna ráðs LSH

Samþykkur erindisbréfi f.h. framkvæmdastjórnar LSH



Ólafur Baldursson,
framkvæmdastjóri lækninga LSH

Reykjavík 7. júní 2012

Hr. lækni
Ólafur Baldursson
framkvæmdastjóri lækninga
Landspítali

Kæri Ólafur

Á Landspítala er rafræn sjúkraskrá, Sagan, notuð. Stjórn lækna ráðs Landspítala hefur orðið var við óánægju lækna spítalans með það sjúkrakerfi sem notast er við. Stjórn lækna ráðs hefur því staðið fyrir netkönnun meðal lækna Landspítalans um rafræna sjúkraskrá. Könnunin var send til 491 lækna spítalans sem voru á skrá hjá stjórn lækna ráðs og 199 lækna svöruðu (40,5% þátttaka) könnuninni. Við sendum þér hér með niðurstöður könnunarinnar þar sem niðurstöður sýna mikla óánægju með núverandi rafræna sjúkraskrárkerfi. Þar kom fram að rúmlega helmingur þeirra lækna sem tóku þátt óskuðu eftir að nýtt rafrænt sjúkraskrárkerfi væri tekið í notkun. Tæplega 30% þeirra taldi kerfið vera beina ógn við öryggi sjúklinga spítalans eins og það er í dag.

Á aðalfundi lækna ráðs Landspítala sem haldinn var þann 18. maí s.l. var samþykkt að senda niðurstöður þessarar könnunar til þín með áskorun um að endurskoða val á sjúkraskrárkerfi spítalans. Óskað er eftir að skipt sé um rafrænt sjúkraskrárkerfi sem notað er á spítalanum og annað fengið sem henti betur starfsemi þess og tryggi betur öryggi sjúklinga sem til hans leita.

Bestu kveðjur

Anna Gunnarsdóttir
formaður lækna ráðs LSH



Dr. Anna Gunnarsdóttir, læknir
Formaður læknaáæðs Landspítala

Reykjavík, 13. júní 2012

Kæra Anna.

Þakka þér bréf þitt frá 7. júní sl. varðandi niðurstöður netkönnunar meðal lækna spítalans.

Ekki kemur sérstaklega á óvart að lækna spítalans óski sér betra rafræns sjúkraskrárkerfis en þess sem við búum við í dag. Vitað er að Sögukerfið hefur bæði kosti og galla og var upphaflega ekki þróað fyrir sjúkrahús og er því ekki ákjósanlegt. Sömu leiðis kemur ekki á óvart að lækna spítalans telji almennt að sjúkraskrá eigi að vera rafræn á landsvisu. Ég hef aldrei hitt Íslending sem er ekki sömu skoðunar.

Eftirfarandi svör í könnuninni vöktu hins vegar athygli mína.

Í fyrsta lagi að 55,6% lækna hafa fengið kennslu í notkun Sögukerfisins en 40,9% ekki. Eins og við ræddum nýlega í samtali þá stendur þetta til bóta þar sem sérstakt verkefni hefur verið sett á laggirnar til þess að efla kennslu á rafræn kerfi. En þessi niðurstaða er einnig umhugsunarverð í ljósi þess að 65,8% segjast óánægðir með Sögukerfið sem gefur tilefni til að spyrja hve stór hluti þeirra sem eru óánægðir með kerfið hafi aldrei lært á það.

Ánægjulegt er að sjá hve margir nota Heilsugáttina og hafa fengið kennslu í notkun hennar. Niðurstaðan bendir til þess að viðbót Heilsugáttar við kerfi spítalans hafi gagnast læknum vel í þjónustu við sjúklinga. Rétt er að hafa hugfast að Heilsugáttin er f.o.f. viðmótskerfi, sem tekur öll gögn úr Sögukerfinu og birtir þau með einfaldari hætti, þannig eru Heilsugátt og Sögukerfi samvaxin.

Einnig er athyglisvert að 70,2% lækna telja að unnt sé að betrubæta Sögukerfið þannig að það nýtist betur við vinnu. Viðbót Heilsugáttar "ofan á" Sögukerfið er einmitt dæmi um slíkar umbætur sem tekist hafa í aðalatriðum vel.


Annað sem vakti athygli við lestur könnunarinnar var orðalag spurninga nr. 7 um öryggi sjúklinga og nr. 8 um "að henda sögukerfinu", sem var í senn óvandað og leiðandi.

Þegar á heildina er litið tel ég engan vafa leika á því að rafræn sjúkraskrárkerfi Landspítala auki öryggi sjúklinga, hvort sem um Sögukerfið er að ræða eða önnur kerfi.

Ég þakka áskorunina um að endurskoða val á sjúkraskrárkerfi spítalans. Talið er að slík endurskoðun geti kostað um 3-4 milljarða króna.

Jafnframt vil ég þakka Læknaáæði fyrir áframhaldandi samvinnu um hvers kyns umbætur í starfi spítalans og þjónustu við sjúklinga, til dæmis hvað varðar kennslu á rafræn kerfi o.m.fl.

Bestu kveðjur,


Ólafur Baldursson dr. med.
Lungnalæknir
Framkvæmdastjóri lækninga

Afrit: Björn Zoëga, forstjóri
Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri

Rafræn sjúkraskrá



1. Ert þú ánægð(ur) með Söguna, rafræna sjúkraskrá Landspítala?

		Response Percent	Response Count
Já		23.1%	46
Nei		65.8%	131
Tek ekki afstöðu		11.1%	22
answered question			199
skipped question			0

2. Hefur þú fengið kennslu í notkun Sögukerfisins á Landspítala?

		Response Percent	Response Count
Já		55.6%	110
Nei		40.9%	81
Tek ekki afstöðu		3.5%	7
answered question			198
skipped question			1

3. Notar þú Heilsugáttina?

		Response Percent	Response Count
Já		74.4%	148
Nei		24.1%	48
Tek ekki afstöðu		1.5%	3
answered question			199
skipped question			0

4. Hefur þú fengið kennslu í notkun Heilsugáttarinnar á Landspítala?

		Response Percent	Response Count
Já		31.0%	61
Nei		68.5%	135
Tek ekki afstöðu		0.5%	1
answered question			197
skipped question			2

5. Samanborið við önnur rafræn sjúkraskráakerfi sem þú hefur notað er Sagan;

		Response Percent	Response Count
Betri		3.5%	7
Verri		49.2%	98
Sambærileg		10.1%	20
Tek ekki afstöðu		37.2%	74
answered question			199
skipped question			0

6. Telur þú að hægt sé að betrumbæta Sögukerfið þannig að það nýtist þér betur við vinnu?

		Response Percent	Response Count
Já		70.2%	139
Nei		17.2%	34
Tek ekki afstöðu		12.6%	25
answered question			198
skipped question			1







7. Telur þú Sögukerfið ógn við sjúklingaöryggi eins og það er í dag?

		Response Percent	Response Count
Já		29.4%	58
Nei		47.2%	93
Tek ekki afstöðu		23.4%	46
answered question			197
skipped question			2




8. Telur þú að Landspítali eigi að;

		Response Percent	Response Count
Halda sig við Sögukerfið og halda áfram að betrubæta það		23.1%	46
Henda Sögukerfinu og fjárfesta í nýju, að þínu mati betra sjúkrarskráakerfi		52.8%	105
Tek ekki afstöðu		24.1%	48
answered question			199
skipped question			0

9. Hversu langur tími daglega fer í óparfa bið og leit fyrir þig við vinnu í Sögukerfinu?

		Response Percent	Response Count
>60 mínútur		6.5%	13
30-60 mínútur		27.1%	54
15-30 mínútur		32.7%	65
<15 mínútur		16.6%	33
Enginn		4.5%	9
Tek ekki afstöðu		12.6%	25
answered question			199
skipped question			0

10. Hversu mikilvægt telur þú að samræma rafrænar sjúkraskrár innan heilbrigðiskerfisins á Íslandi?

		Response Percent	Response Count
Gríðarlega mikilvægt		82.4%	164
Frekar mikilvægt		15.6%	31
Ekki þörf á því		2.0%	4
answered question			199
skipped question			0



Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. október 2012

Efni: Umsögn læknaáðs Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lækningatæki nr. 16/2001.

Stjórn læknaáðs Landspítala fagnar fyrirhuguðum breytingum á lögum um lækningatæki sem hafa það að meginmarkmiði að auka skráningu og eftirlit með lækningatækjum hérlendis með það að leiðarljósi að auka öryggi fyrir notendur slíkra tækja.

Stjórn læknaáðs Landspítala vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við lagafrumvarpið.

Í fyrsta lagi er orðalag í skilgreiningu á lækningatækjum skv. 1.gr (3.gr lagana, 1. töluliður) að ýmsu ábótavant og illskiljanlegt. Í d-lið segir t.d. “stjórna þungun” sem er bein þýðing úr EB reglugerð um lækningatæki “control of conception” sem hefur frekar þá þýðingu að hafa áhrif á frjóvgun/getnað en ekki að stjórna þungun eftir að hún hefur orðið.

Málgreinin eftir d-lið er einnig mjög óþjál “..gegnir ekki meginhlutverki...með aðferðum er varða lyfjafræði, ónæmisfræði eða efnaskipti,” Hér mælumst við til að málgreinin verði yfirfarin af íslenskuserfræðingum og hún gerð skiljanlegri.

Í öðru lagi vill stjórn læknaáðs Landspítala gera athugasemd við fyrirhugaða gjaldtöku Lyfjastofnunar fyrir skráningu og eftirlit með lækningatækjum sem innflytjendum og/eða framleiðendum er gert að inna af hendi. Ljóst er að slík

gjaldtaka mun leiða til mótsvarandi hækkunar á innkaupsverði lækningatækja fyrir Landspítalann. Landspítalinn hefur hin síðustu ár liðið fyrir fjárskort til kaupa á nýjum lækningatækjum og til endurnýjunar á þeim tækjakosti sem fyrir er. Innkaupsverð lækningatækja hefur hækkað mikið vegna gengislækkunar íslensku krónunnar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er einungis gert ráð fyrir 262 milljónum til tækjakaupa sem dugir engan veginn fyrir nauðsynlegum tækjum á forgangslista Landspítalans. Læknaráð Landspítala setur sig því gegn hverri þeirri breytingartillögu sem mun leiða til enn frekari hækkunar á innkaupsverði lækningatækja. Þessi fyrirhugaða gjaldtaka mun eingöngu leiða til flutnings á fé milli ríkisstofna þ.e.a.s. frá ríkisreknum heilbrigðisstofnunum til Lyfjastofnunar. Eðlilegra væri, að okkar mati, ef styrkja á Lyfjastofnun ríkisins til að sinna eftirlitshlutverki sínu, að gert sé ráð fyrir því í fjárlögum ríkisins með auknum framlögum til Lyfjastofnunar. Að öðrum kosti verður að tryggja aukningu á fjárlögum til Landspítala til tækjakaupa til að koma til móts við væntanlegar hækkanir á innkaupsverði lækningatækja.

Virðingarfyllst

Anna Gunnarsdóttir
formaður læknaráðs Landspítala

Ályktunartillögur – Aðalfundur lækna ráðs Landspítala vorið 2012

Nýr spítali

Starfsemi Landspítalans fer fram á 17 stöðum í nær 100 húsum á stórreykjavíkursvæðinu. Í þessu fyrirkomulagi felst mikið rekstrarlegt óhagræði og óþægindi fyrir sjúklinga sem oft þurfa að flytjast á milli bygginga. Brýnt er fyrir þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra að fundin sé lausn á húsnaðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað.

Læknaráð Landspítala styður heilshugar byggingu á nýjum sameinuðum Landspítala og skorar á stjórnvöld að sjá til þess að framkvæmdirnar hefjist sem fyrst.

Samtengd rafræn sjúkraskrá á landsvísu

Rafræn sjúkraskrá er mikilvæg fyrir öryggi sjúklinga og nauðsynleg þeim sem vinna við heilbrigðisþjónustuna. Eins og staðan er í dag er hvorki mögulegt fyrir lækna Landspítalans að nálgast beint upplýsingar um sjúklinga sem leita til spítalans um fyrri sjúkdóma né meðferðir sem fara fram annars staðar, hvort sem um er að ræða ríkisreknar stofnanir eða einkafyrirtæki. Í nýlegri netkönnun meðal lækna Landspítalans kom fram að 98% þeirra lækna sem tóku þátt töldu það vera mjög mikilvægt að samtengja rafræna sjúkraskrá á landsvísu.

Læknaráð Landspítala ítrekar mikilvægi þess að auðvelt sé að nálgast allar þær upplýsingar sem geta skipt máli við meðferð sjúklinga sem leita til spítalans til að tryggja öryggi þeirra. Skorar læknaráð Landspítala á heilbrigðisyfirvöld að koma á samtengdri rafrænni sjúkraskrá milli heilbrigðisstofnana sem fyrst.

Ályktun lækna ráðs 21. september 2012

Tækjamál Landspítala

Niðurskurðarkrafan á Landspítala hefur verið mikil hin síðustu ár og starfsemin líður fyrir hið skerta fjármagn. Eðlilegt viðhald og endurnýjun á tækjabúnaði spítalans hefur setið á hakanum og stefnir í óefni í þessum málum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er það fjármagn sem áætlað er til viðhalds tækja og búnaðar ekki verðbætt frekar en fyrri ár og er því um skerðingu að ræða þó upphæðin sé óbreytt. Kostnaður við tækjakaup á forgangslista spítalans í dag eru rúmar 800 milljónir. Sem fyrr nægja þær 262 milljónir sem áætlaðar eru til tækjakaupa engan veginn til að mæta bráðri þörf spítalans fyrir nauðsynlegum tækjum. Hér er bæði þörf á nýjum tækjabúnaði til að mæta eðlilegri þróun læknávisinda og endurnýjun á gömlum tækjum sem eru ekki lengur nothæf.

Læknaráð Landspítala skorar á Alþingi Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013 og tryggja nauðsynlega fjárveitingu til tækjakaupa og viðhalds á þeim búnaði sem er til staðar á Landspítala.

Ályktanir lækna ráðs 20. nóvember 2012

Uppsagnir hjúkrunarfræðinga á Landspítala

Nú hafa rúmlega 250 hjúkrunarfræðingar sagt upp störfum sínum á Landspítala. Ljóst er að ekki er hægt að starfrækja spítalann í óbreyttri mynd ef svo margir hjúkrunarfræðingar hverfa frá störfum. Læknaráð Landspítala lýsir þungum áhyggjum af þessari stöðu og óttast afleiðingarnar fyrir sjúklinga, ef þessar uppsagnir verða að veruleika.

Þessi staða endurspeglar ólgu og óánægju meðal starfsfólks spítalans sem hefur þurft að setta sig við bágborina aðstöðu, vaxandi álag og léleg kjör fyrir störf sín í kjölfar mikils niðurskurðar undanfarin ár. Óttast læknaráð að hér sé aðeins um byrjunina að ræða þar sem hætta er á að við missum fjölda af fagfólki frá spítalanum ef ekkert verður að gert.

Læknaráð skorar á heilbrigðisyfirvöld og framkvæmdastjórn spítalans að leysa þann vanda sem upp er komin varðandi allar þær heilbrigðisstéttir sem á sjúkrahúsinu starfa þannig að hægt verði að tryggja óbreytta þjónustu spítalans og öryggi sjúklinga sem til hans leita.

Þingsályktunartillaga um heildrænar meðferðir græðara

Fjórir þingmenn Alþingis lögðu nýlega fram þingsályktunartillögu um niðurgreiðslu frá ríkinu til græðara vegna þjónustu og starfa þeirra.

Læknaráð Landspítala lýsir furðu sinni á að slík tillaga sé lögð fram nú, þegar hefðbundin og viðurkennd heilbrigðisþjónusta landsins hefur verið svelt fjármagni um langt skeið eins og raun ber vitni.

Læknaráð Landspítala hvetur flutningsmenn þingsályktunartillögunnar til að draga tillöguna til baka. Að öðrum kosti hvetur Læknaráð Landspítala aðra þingmenn Alþingis að tryggja að hún nái ekki fram að ganga. Forgansröðunin hlýtur að vera sú að styrkja þá viðurkenndu heilbrigðisþjónustu sem hér er rekin af öllum mætti.

Ályktun lækna ráðs 19. febrúar 2013

Fjölmennur fundur lækna Landspítalans skorar á stjórnvöld að hætta við áform sín um að taka af lífi Landspítala og heilbrigðiskerfi Íslands á hægán og kvalarfullan hátt.

Morgunblaðið, 20. febrúar 2013

Neyðaróp til stjórnvalda

- Harðorð ályktun lækna ráðs LSH



Anna Gunnarsdóttir

„Fjölmennur fundur lækna á Landspítalanum skorar á stjórnvöld að hætta við áform sín um að taka af lífi Landspítala og heilbrigðiskerfi Íslands á hægán og kvalafullan hátt,“ segir í ályktun sem lækna ráð Landspítalans sendi frá sér í gær, og...

„Fjölmennur fundur lækna á Landspítalanum skorar á stjórnvöld að hætta við áform sín um að taka af lífi Landspítala og heilbrigðiskerfi Íslands á hægán og kvalafullan hátt,“ segir í ályktun sem lækna ráð Landspítalans sendi frá sér í gær, og er ekki lengri en þetta. Var ályktunin samþykkt á fundi ráðsins sl. föstudag.

„Ég held að orðalagið sé haft svona til að vekja meiri athygli en venjulegar yfirlýsingar sem hafa verið samdar og birtar í tugatali í gegnum árin án þess að nokkuð hafi breyst,“ segir Sigurður Guðmundsson smitsjúkdómalæknir, sem var meðal frummælenda á þessum fundi lækna ráðs. Hann segir heilbrigðiskerfið vera komið fram af bjargbrúninni. Mikil eindrægni hafi ríkt á fundinum um þessi mál og ályktunin samþykkt með fagnaðarlátum.

„Þetta má túlka sem neyðaróp frá spítalanum til stjórnámálanna,“ segir Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs. Aðspurð hvers vegna beðið var fram yfir helgi með að senda ályktunina segir Anna: „Ályktunin er óvenjuleg frá okkar hópi og við fundum þörf til að ræða hana áður en hún færi endanlega frá okkur.“ thorunn@mbl.is

Heilbrigðismál eru kosningamál!

Heilbrigðiskerfið þarf á bráðþjónustu að halda. Auka verður fjárveitingar verulega til þess að viðhalda sjálfsögðu og eðlilegu þjónustustigi. Forgangsráða verður verkefnum og tryggja landsmönnum aðgang að skilvirku og nútímalegu heilbrigðiskerfi.

- Nú vantar 15-20 milljarða króna á ári til reksturs heilbrigðiskerfisins miðað við fjárveitingar árið 2009.
- Framlög til heilbrigðismála hafa lækkað um 14% síðustu fjögur ár.
- Niðurskurðurinn hefur veruleg áhrif. Starfsfólki fækkar, álag hefur aukist, deildum er lokað, sjúklingar liggja á göngum, vinnuaðstaðan er bágborin, húsnæði hrakar og tækjabúnaður úreldist.
- Í heilbrigðisþjónustunni í landinu starfa um 12 þúsund manns af miklum metnaði, krafti og alúð. Meta þarf störf þeirra að verðleikum með bættu starfsumhverfi og samkeppnishæfum launum.
- Styrkja þarf heilsugæsluna, á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýli. Gera þarf heilsugæsluna að aðlaðandi vinnustað fyrir lækna, með því að fjölga heimilislæknum og fjölga rekstrarformum.
- Mikilvægt er að fjárframlög til heilbrigðisþjónustu fylgi verkefnum samkvæmt kostnaðargreiningu. Það tryggir hagkvæmni og jafnræði meðal sjúklinga.
- Það er mikilvægt í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins að sameina alla starfsemi Landspítalans á einum stað og bæði faglega og þjóðfélagslega hagkvæmt.
- Góð heilbrigðisþjónusta er forsenda langlífis, góðrar heilsu og hamingju þjóðarinnar.

Heilbrigðismál eru kosningamál. Læknasamtökin á Íslandi hvetja stjórnvöld til þess að endurbyggja heilbrigðiskerfið með markvissum aðgerðum. Nauðsynlegt er að hefjast handa strax eftir kosningar.



**Aðalfundur lækna ráðs Landspítala haldinn
föstudaginn 18. maí 2012, kl. 13:00 í Hringsal, Hringbraut**

Fundarstjóri: Agnes Smáradóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrslur nefnda
3. Breytingar á starfsreglum
4. Kosning stjórnar *)
5. Kosning nefnda *)
6. Önnur mál

Í upphafi fundar tók Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs til máls og lagði til að Agnes Smáradóttir yrði skipaður fundarstjóri og Örn Þ. Þorvarðarson fundarritari. Fundarmenn samþykktu tillöguna samhljóða og tók Agnes Smáradóttir við fundarstjórn og lagði til að gengið yrði til auglýstrar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs greindi frá helstu atriðum í starfsemi ráðsins síðastliðið starfsár.

Anna greindi frá því að á starfsárinu hefðu verið haldnir 23 stjórnarfundir og fimm almennir lækna ráðsfundir. Auk þess voru fræðslufundir á vegum fræðslunefndar haldnir reglulega einu sinni í mánuði.

Því næst gerði Anna grein fyrir reikningum Starfs- og gjafasjóðs lækna ráðs en þeir birtast í *Skýrslu stjórnar og nefnda lækna ráðs starfsárið 2011 – 2012*. Í fyrsta sinn er sjóðurinn nú rekinn með tapi sem skýrist af auknum kostnaði við kaup á gjöfum og krönsum, bæði vegna hækkun í verði og stærri afmælisárganga.

Anna greindi frá nokkrum helstu málum sem lækna ráð hefur fjallað um á starfsárinu 2011 – 2012 og voru þessi sérstaklega tilgreind:

1. Niðurskurður fjárveitinga til Landspítala
2. Ólaunuð yfirvinna lækna
3. Umsóknir um stöður sérfræðinga á Landspítala
4. Mönnun lækniastaða á Landspítala
5. Starfslýsingar lækna
6. Könnun um rafræna sjúkraskrá
7. Nýr Landspítali
8. Umsagnir um lagafrumvörp-lög um heilbrigðisstarfsmenn

9. Fyrirspurnir um réttindamál lækna
10. Jafnréttisáætlun Landspítala 2012

Að lokinni framsögu Önnu var opnað fyrir umræðu um skýrslu formanns.

2. Skýrslur nefnda

Jóhann Heiðar Jóhannsson formaður stöðunefndar lækna ráðs gerði grein fyrir starfi stöðunefndar. Hann sagði starfið hafa verið hefðbundið. Fram kom í máli Jóhanns Heiðars að það væri áhyggjuefni hve fáir sækja um hverja stöðu sérfræðilæknis sem auglýst er á spítalanum. Einnig sagði hann það koma fyrir að tíminn frá því að umsóknarfrestur rennur út þar til skipa á í stöður vera of stuttan.

Páll E. Ingvarsson formaður fræðslunefndar gerði grein fyrir starfi fræðslunefndar lækna ráðs sem var með hefðbundnum hætti. Einn fræðslufundur var haldinn í mánuði og voru þeir vel sóttir.

3. Breytingar á starfsreglum lækna ráðs

Engar breytingar á starfsreglum urðu þetta starfsár.

4. Kosning stjórnar

Samkvæmt starfsreglum lækna ráðs er kosið til stjórnar og nefnda lækna ráðs á tveggja ára fresti. Engin kosning fer fram til stjórnar í ár. Árið 2013 skal kjósa nýja stjórn lækna ráðs.

5. Kosning nefnda

Samkvæmt starfsreglum lækna ráðs er kosið til stjórnar og nefnda lækna ráðs á tveggja ára fresti. Engin kosning fer fram til nefnda lækna ráðs í ár. Árið 2013 skal kjósa í nefndir lækna ráðs.

6. Önnur mál

Agnes Smáradóttir sagði fram því að þrjár ályktunartillögur lægju fyrir fundinum og gerði Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs grein fyrir þeim.

Aðalfundarmenn samþykktu tvær ályktanir, annars vegar um **nýjan Landspítala** sem fól í sér áskorun til stjórnvalda um að sjá til þess að framkvæmdir á nýjum Landspítala hefist sem fyrst og hins vegar um **samtengda rafræna sjúkraskrá á landsvisu** til að tryggja öryggi sjúklinga með áskorun til heilbrigðisyfirvalda um að koma á samtengdri rafrænni sjúkraskrá milli heilbrigðisstofnana sem fyrst.

Engin önnur mál voru rædd á fundinum og var fundi slitið kl. 14:45

Almennur lækna ráðsfundur lækna ráðs Landspítala haldinn föstudaginn 23. nóvember 2012 í Hringisal Landspítala, Hringbraut

Efni:

Starfsumhverfiskönnun Landspítala 2012 – staða lækna

Frummælendur:

Hörður Þorgilsson, sálfræðingur, mannauðssviði Landspítala
Kristinn Tómasson, dr.med, yfirlæknir Vinnueftirlitsins

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs LSH bauð fundarmenn velkomna til fundarins og lýsti efni hans og kynnti frummælendur.

Hörður Þorgilsson sagði frá Starfsumhverfiskönnun Landspítala 2012. Hann sagði könnunina svipaða þeim sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Hörður kynnti sérstaklega niðurstöður sem varða lækna Landspítala árin 2010 og 2012 auk þess sem hann greindi frá því hvert svarhlutfall meðal deildarlækna, sérfræðilækna og yfirlækna var í könnunum árin 2010 og 2012.

Kristinn Tómasson yfirlæknir Vinnueftirlitsins fór yfir vinnuumhverfi lækna á Landspítala byggt á niðurstöðum starfsumhverfiskönnunar spítalans sem hann taldi í ýmsu ábótavant. Dræm þátttaka væri í könnuninni sem bendi á sinnuleysi starfsmanna. Slíkt stafaði mögulega af þrennu; tímaleysi, tilgangsleysi-sjá ekki árangur eða hræðsla við að svara. Einnig væri áberandi hvað hollustuþættir kæmu illa út og spurning hvort Landspítali teldist aðlandi vinnustaður fengi klárlega fallelæknun. Yfirlæknar koma þó betur út en sérfræðingar og almennir lækna. Ljóst væri að niðurstöður könnunarinnar kallaði á tímasetta úrbótaáætlun með skilgreindum markmiðum og jafnvel aðkomu öryggisnefndar spítalans.

Töluverðar umræður sköpuðust sem m.a. fólust í fyrirspurnum um hvernig hefði verið brugðist við fyrri könnun frá 2010 og sagði Hörður að þar mætti telja átak með starfmannasamtöl og einnig var farið inn á deildir sem komu sérstaklega illa út úr könnuninni til að leita úrbóta.

Kristinn var spurður að því hvort til væru samanburðartölur frá öðrum löndum og sagði hann að verið væri að skoða samanburð á milli Íslands og Noregs og kæmum við verr út en Norðmenn í þeim samanburði. Hörður bætti við að ekki hefði verið hægt að bera saman niðurstöður við Karolinska sjúkrahúsið vegna mismunandi kannanna sem notaðar voru.

Kristinn taldi að það þyrfti að skoða hvað yfirlæknar gætu gert til að bæta stöðuna. Yfirlæknar eigi að taka frumkvæði þannig að eitthvað verði gert. Það var tekið undir

Þá afstöðu af fundarmönnum að mikilvægt væri að þroska starfsmannaábyrgð yfirlækna til að koma betur á mótis við sérfræðilækna og almenna lækna sem þeir hafa starfsmannalega ábyrgð á.

Fleira var ekki rætt og þakkaði Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs frummælendum fyrir framsögu og fundarmönnum fyrir komu á fundinn.
Fundu slitið kl. 9:00

Almennur lækna ráðsfundur lækna ráðs Landspítala haldinn föstudaginn 15. febrúar 2013 í Hringisal Landspítala Hringbraut

Efni:

Staðan á Landspítalanum

Frummælendur:

- Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs
- Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir, öldrunarlækningadeild
- Sigurður Guðmundsson, sérfræðilæknir, smitsjúkdómadeild
- Ómar Sigurvin Gunnarsson, læknir, formaður FAL

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs bauð fundarmenn velkomna til fundarins og sagði frá dagskrá hans og frummælendum.

Anna Gunnarsdóttir fór yfir þróun fjárveitinga til Landspítala frá árinu 2008. Fram kom að rekstrarhagræðing hefur orðið sem nemur 23% á tímabilinu vegna niðurskurðar á fjárveitingum til Landspítalans. Sú hagræðing birtist m.a. í fækkun starfsfólks og sjúkrarúma. Anna lýsti einnig þróuninni í rekstri spítalans og sýndi spá um fjölgun aldraðara fram til ársins 2020. Auk þess sagði hún frá þeirri umræðu sem verið hefur í fjölmiðlum undanfarið um stöðuna á Landspítalanum. Anna sagði að lækna spítalans þyrftu að þjappa sér saman, fara yfir málin og sameinast um lausnir. Hún sagði ljóst að allir vilja gera vel og einblína þurfi á hvernig eigi að finna lausnir.

Pálmi V. Jónsson ræddi málefni eldra fólks á Landspítalanum. Hann lýsti stöðu mála og hver vandamálin væru. Pálmi sagði vandmálin vera gömul hús, gömul tæki og hugsun. Hann kom fram með tillögur að því hvernig kynna megi málin og leggja fram lausnir. Pálmi sagði mikilvægt að flýta opnun hjúkrunarheimila. Einnig lýsti hann ávinningi af alhliða öldrunarmati. Pálmi benti auk þess á mikilvægi þess að Landspítali fengi stuðning frá ytra umhverfi.

Sigurður Guðmundsson sagði spítalann vera kominn fram af bjargbrúninni. Hann sagði marga starfsmenn una illa sínum hag. Spítalinn er yfirfullur og þanþolið lítið og slíkt er ekki inntak öflugrar heilbrigðisþjónustu. Sigurður sagði vinnuaðstæður slæmar og tækjabúnað úreltan og hættulegan. Sigurður ræddi einnig um nýbyggingaráform og ástand húsa spítalans. Hann sagði niðurskurðinn sem heilbrigðisþjónustan hefur orðið fyrir hafa leitt til þess ástands sem nú er. Sigurður sagði að lækna þyrftu að vera raunsærir og ekki megi draga úr vandanum. Tala þurfi tæpitungulaust. Hann sagði að heilbrigðismálin þyrftu að vera kosningamál.

Ómar Sigurvin Gunnarsson lýsti starfsumhverfi almennra lækna og kandi data á spítalanum. Hann sagði starfsleiða meðal yngri lækna og of lítill stuðningur vegna

mannekle. Einnig nefndi hann að skortur væri á úttekt á því álagi sem er á læknaþættinum. Ómar Sigurvin lagði fram tillögur um mögulegar úrbætur.

Að loknum farmsöguerindum fóru fram almennar umræður.

Ljóst var að eftir mjög erfiðan tíma á Landspítalanum í byrjun árs með influenzu, RS og Noroveirufaraldur þar sem álagið hafði verið gríðarlegt og óvissustig skapast á spítalanum endurtekið með gangainnlagnir svo úr hófi gengi var þungur rómur í fundarmönnum. Fram kom að mikilvægt væri að gera grein fyrir vandanum út á við, til stjórnámálanna og almennings.

Mikil óánægja kom fram vegna húsnæðisvanda spítalans og bar þá hæst mygla og raki í gömlu byggingunni á Hringbraut og leki í fleiri byggingum spítalans þar sem eðlilegt viðhald hefur setið á hakanum.

Tækjamál spítalans voru tíðrædd þar sem fundarmenn kvörtuðu yfir lélegum tækjum og takmarkað aðgengi að eðlilegum uppfærslum og endurnýjunum.

Mikil samstaða var þó meðal fundarmanna að læknaþyrftu að standa saman og skapa umræðu um ástand spítalans. Framundan væru Alþingiskosningar og mikilvægt að koma heilbrigðismálum í umræðuna fyrir kosningar og segja frá því hvernig ástandið er. Hugmyndir um fundi með frambjóðendum fyrir kosningar til að ræða heilbrigðismál var tekið vel. Það þyrfti að krefja stjórnámálamenn til svara um afstöðu þeirra til heilbrigðismála og þess að flytja málflutninginn út í samfélagið. Fundarmönnum fannst vera lítill áhugi meðal stjórnámálanna um ástand Landspítalans og heilbrigðismál almennt.

Formaður lækna ráðs lagði fyrir tillögu stjórnar um ályktun varðandi ástandið á Landspítala sem var breytt á róttækan hátt af fundarmönnum þar sem mat manna var að kveða þyrfti mun sterkar að orði ef hún ætti að ná athygli fjölmiðla. Mikilvægt væri að fylgja ályktuninni eftir með fjölmiðlaumræðu. Ályktun fundarins yrði vísað til stjórnar til frekari vinnslu.

Fleira var ekki rætt á fundinum og þakkaði Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs fundarmönnum fyrir komuna á fundinn og góðar umræður.

Fundi slitið kl. 14:40

**Almennur lækna ráðsfundur lækna ráðs Landspítala haldinn
föstudaginn
5. apríl 2013 í Hringisal Landspítala Hringbraut**

Efni:

Vöruhús klínískra gagna á LSH (clinical data warehouse)

Notkun í klínískri stjórnun, rannsóknum og gæðapróun

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs LSH, klínískur lektor HÍ

Notkun í klínísku starfi og áætlanagerð, sögur úr Blóðbankanum

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs bauð fundarmenn velkomna til fundarins og sagði frá dagskrá hans og frummælendum.

María Heimisdóttir kynnti vöruhús gagna og notkunarmöguleika þess. Hún sagði að farið hefði verið út í verkefnið til að bæta og auðvelda aðgengi að gögnum. Í vöruhúsinu er hægt að taka gögn úr öllum rafrænum kerfum sem mynda rafræna sjúkraskrá auk fleiri kerfa s.s. mannauðskerfis. María sýndi nokkur dæmi um notkun vöruhússins. Einnig lýsti hún næstu skrefum og þeim möguleikum sem eru í stöðunni til framtíðar. Misjafnt eftir gögnum er hversu langt aftur í tímann er hægt að ná í upplýsingar en t.d. upplýsingar um lyf ná aftur til 2008.

Umræður sköpuðust og ljóst var að hér er mikilvægt og öflugt verkfæri á ferð sem á eftir að nýtast vel við gæðarannsóknir og vísindavinnu sem og klínísku vinnu á spítalanum.

Sveinn Guðmundsson sagði frá því hvernig vöruhús klínískra gagna nýtist í starfsemi Blóðbankans auk þess sem hann lýsti þeim möguleikum sem geta falist í kerfinu í framtíðinni. Sveinn sýndi dæmi um hvað aðrar þjóðir eru að gera og sagði að með tilkomu vöruhússins gefist möguleiki á sambærilegum upplýsingum og hægt er að kalla fram í öðrum löndum.

Fleira var ekki rætt á fundinum og þakkaði Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs fundarmönnum fyrir komuna á fundinn og góðar umræður.

Fundi slitið kl. 14:30

Fræðslufundir lækna ráðs starfsárið 2012 - 2013

Reglulegir föstudagsfundir á haustmisseri:

Dags:	Efni:	Fyrirlesarar
September		
14. september 2012	Stelpustrákar og strákastelpur. Kynáttunarvandi (transgender) í nýju ljósi	Óttar Guðmundsson geðlæknir Halla Fróðadóttir lýtalæknir
Október		
12. október 2012	Fylgikvillar og dauðsföll eftir skurðaðgerðir	Gísli H. Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, formaður Vísindaráðs
Nóvember		
9. nóvember 2012	Stofnfrumur og öfug frumusérhæfing: Nóbelsverðlaun í læknisfræði 2012	Magnús Karl Magnússon Prófessor í Lyfja- og eiturefnafræði. Forstöðumaður Rannsóknarstofu í Lyfja- og eiturefnafræði og Rannsóknarstofu í Stofnfrumufræðum, Lífvísindasetur Læknagarðs
Desember		
14. desember 2012	Jólafundur lækna ráðs „Skáld á skarpri skálmöld“	Einar Kárason rithöfundur

Reglulegir föstudagsfundir á vormisseri:

Dags:	Efni:	Fyrirlesarar:
Janúar 2013		
11. janúar 2013	Nýjungar í vökvameðferð 2013	Guðmundur Kristinn Klemenzson, svæfingarlæknir, LSH, Hringbraut
Febrúar		
8. febrúar 2013	Lyf? Nei, takk ég held ekki - Um meðferðarheldni lyfjameðferðar hjá sjúklingum með alvarlega geðsjúkdóma	Halldóra Jónsdóttir, MD, PhD, yfirlæknir móttökudeildar 32C, Landspítali–Háskólasjúkrahús v/ Hringbraut
Mars		
8. mars 2013	Geðgreiningar dómarans - Um Breivik málið	Sigurður Páll Pálsson Dr.med, yfirlæknir geðlækningar/öryggis- og réttargeðþjónusta
Apríl		
12. apríl 2013	Dealing with sexual consequences of illness. Why should the doctor bother?	Woet L. Gianotten, MD-psychotherapist, senior lecturer in Medical Sexology and consultant in oncosexology and physical rehabilitation sexology
Mái		
10. maí 2013	Erfðaráðgjöf vegna krabbameina: Frá ætt til einstaklings	Óskar Þór Jóhannsson, sérfræðilæknir, klínískur prófessor í krabbameinslækningum Vigdís Stefánsdóttir, erfðaráðgjafi, Erfða- og sameindalæknisfræði

